# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

302. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 23. DESEMBER 2016




Davíð Ásgeirsson og kona hans, Ríka Clausen, ásamt börnum sínum, Emil og Rúnu, litu inn hjá Högna Snæ, fisksala á Sundlaugavegi. Ekki voru allir jafn hrifnir af lyktinni eins og sést. Um 36 prósent Íslendinga ætla að borða skötu í dag á Þorláksmessu en fyrir fjórum árum neyttu 42 prósent landsmanna skötu. Skatan er mun vinsælli hjá eldri kynslóðum heldur en hjá þeim yngri. Aðeins um tuttugu prósent þeirra sem tilheyra aldurshópnum 18 til 29 ára hyggjast borða skötu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar um rýting þings í bak þjóðar. 20

**SPORT** Enginn yfir þrítugu í fyrsta sinn í 33 ár. 22

**MENNING** Ljósin á Dettifossi – Margt sem fólk fékk að reyna. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015
















## Bestu og verstu jólagjafirnar

**LÍFIÐ** Það eru margir landsmenn sem bíða ofurspenntir eftir að fá að rífa upp jólagjafirnar sínar á morgun. En hvað mun leynast í pökkunum? Það er víst ekkert sjálfgefið að það sé eitthvað sem muni slá í gegn. Við fengum fjóra einstaklinga til að rifja upp verstu, og líka bestu, jólagjafir sem þau hafa fengið á ævinni. „Versta jólagjöfin er klárlega þegar fyrrverandi tengdapabbi gaf okkur þáverandi skötuhjúum lítinn byggpoka á fyrstu jólunum okkar,“ segir fjölmiðlakonan Sigga Lund.

**– gha /** **sjá síðu 38**




# Páll fagnar tryggingu nauðsynlegrar þjónustu

### Fjárlaganefnd mun samþykkja fjáraukalög ef ný fjárlög duga Landspítala ekki.

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn fær rúmlega tvo milljarða í nýjum fjárlögum til viðbótar við það sem áður var. Að auki er eldri halli gefinn eftir að mestu. Þetta segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

„Þetta eru þá rúmlega þrír milljarðar sem þarna koma inn. Þá vantar enn þá nærri tvo milljarða samkvæmt okkar mati og við kölluðum eftir meiru þar inn,“ segir Páll. Hann segir mat ráðherra og ráðuneytis þó vera það að með ýmsu öðru fjármagni sem komi inn, meðal annars í öldrunarmál og aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar, eigi féð að duga Landspítala.

„Þá tekur fjárlaganefnd mjög óvenjulega ákvörðun, en þetta eru vissulega óvenjulegir tímar, og segir að vilji fjárlaganefndar sé að fjármagnið dugi og Landspítalinn þurfi ekki að beita niðurskurði eða uppsögnum. Ef í ljós kemur, þegar farið er að vinna áætlunina á ný núna eftir hátíðar, að í slíkt stefni þá mun fjárlaganefnd koma saman og samþykkja fjáraukalög til að tryggja að ekki komi til slíks,“ segir Páll enn fremur. Hann bætir því jafnframt við að þetta hafi formaður nefndarinnar staðfest í ræðustól.

„Við hljótum að fagna því að nauðsynleg þjónusta á Landspítala sé þá tryggð en minnum jafnframt á að það bíður nýrrar ríkisstjórnar að hefja langþráða stóruppbyggingu á Landspítala sem þarf að ráðast í,“ segir Páll. **– þea**



**Landspítalinn við Hringbraut.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.**

## Veður




Norðan- og norðaustanstormur og snjókoma eða slydda á austanverðu landinu, en mun hægari og él vestan til.

SJÁ SÍÐU 28



**Sorpið eykst í desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Selja aukapoka fyrir jólasorpið

**SORPHIRÐA** „Unnið verður stíft fram að jólum og milli jóla og nýárs við að losa tunnur í Reykjavík og mikilvægt að greiða götu starfsfólks við sorphirðustörf með snjómokstri og hálkuvörnum ef svo ber undir,“ segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

„Aðgengi að tunnum hefur verið gott í desember og er sorphirða á áætlun en nú er útlit fyrir snjókomu næstu daga. Ganga þarf vel frá tunnum á þessum árstíma og gæta þess að umframúrgangur um hátíðirnar tefji ekki fyrir hirðu,“ segir í tilkynningunni. Fólk er hvatt til að flokka sorp eins og mögulegt er. „Einnig að setja allt tilfallandi umframsorp sem ekki rúmast í gráu tunnunni í sérmerkta poka sem hægt er að kaupa hjá N1-stöðvum í Reykjavík og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14.“ **– gar**

# Á fjórða tug nýrra Íslendinga

**SAMFÉLAG** Allsherjar- og menntamálanefnd leggur til að 31 einstaklingi verði veittur ríkisborgararéttur en 56 umsóknir um ríkisborgararétt bárust nefndinni. Elsti umsækjandinn, Elena Karelina, er fædd árið 1947 í Sovétríkjunum. Yngsti umsækjandinn, Olga Yakovlyeva, er fædd árið 1995 í Úkraínu. Þeir sem fá ríkisborgararétt koma víða að. Til dæmis frá Súdan, Gana, Afganistan, Sýrlandi, Írak, Póllandi og Danmörku. **– jhh**

## Jólalegt í Árbæjarsafni



Árbæjarsafnið var snævi þakið í gær og ansi vetrarlegt. Snjórinn féll meðal annars á greinar þessa jólatrés. Enga snjókomu er að finna í kortunum fyrir daginn en þó mun frost vera um tvö stig í höfuðborginni. Einnig verður frost um nær allt land en lítið verður um úrkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á annan tug þúsunda pakka sendir á dag

**SAMFÉLAG** „Við gerum okkar allra besta til að koma öllum pökkum til skila fyrir jól,“ segir Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðs- og upplýsingamála Íslandspósts. Mikið álag er á Íslandspósti nú síðustu daga fyrir jól en á annan tug þúsunda sendinga eru afhentar þessa dagana.

„Við bregðumst við þessu álagi með ýmsum hætti. Fyllt er á póstboxin nokkrum sinnum á dag, útkeyrslum hefur verið fjölgað og starfsfólk ráðið til þess að koma sendingunum út,“ segir Brynjar.

Sendingum hingað til lands frá erlendum verslunum til einstaklinga hefur fjölgað um 55 prósent milli ára og segir Brynjar þau hjá póstinum aldrei hafa séð jafn mikið af sendingum að utan eins og fyrir þessi jól. „Allar sendingar sem bárust okkur fyrir síðasta skiladag verða afhentar og gott betur en það,“ segir Brynjar. **– þh**


# INNKÖLLUN



Ástæða innköllunar er sú að smáir hlutir geta losnað af leikfanginu og valdið skaða.

**Strikamerki:** 8711252981727

**VNR: 41117013 MY BABY & ME DOLL**

**WWW.BYKO.IS/INNKÖLLUN**

Nánari upplýsingar á þjónustuborði í næstu BYKO verslun eða í tölvupósti *byko@byko.is*

BYKO


# Þyrfti að greiða hálfar árstekjur í túlkakostnað

**Áslaug Ýr Hjartardóttir þarf að greiða túlkaþjónustu úr eigin vasa fyrir sumarbúðir. Henni reiknast til að kostnaðurinn verði að minnsta kosti rúm milljón. Hún segist orðin þreytt á að betla peninga fyrir einhverju sem ríkið ætti að borga.**

**SAMFÉLAG** Áslaug Ýr Hjartardóttir fær ekki endurgjaldslausa túlkaþjónustu fyrir sumarbúðir daufblindra ungmenna sem hún hyggst fara í í Svíþjóð næsta sumar. Hún sendi pöntun í ágúst en fékk ekki endanlegt svar fyrr en hún spurði nýverið hvert fyrirkomulagið með veitingu slíkrar þjónustu væri þegar farið er til útlanda. Þá fékk hún það svar að ekki væri gert ráð fyrir slíku.

„Það gerist of oft að mér er synjað um túlkaþjónustu, en ég fékk til dæmis ekki túlka í minni útskriftarveislu og það situr enn í mér þó það sé heilt ár síðan,“ segir Áslaug. Hún segir að í seinni tíð hafi sér alltaf verið synjað um túlka fari hún til útlanda. „Ég hef tvívegis áður farið í sumarbúðir fyrir daufblinda, í fyrra skiptið fór ég til Finnlands og fékk faglærða túlka en í seinna skiptið var það Danmörk og þá þurfti ég sjálf að redda ófaglærðum túlkum.“

Áslaug Ýr segir ekki ódýrt að greiða fyrir túlkaþjónustuna sjálf. „Í fyrra skiptið minnir mig að ég hafi borgað flug og gistingu en ekki laun túlkanna, en ég er samt ekki alveg viss. Í seinna skiptið þurfti ég að borga allt,“ segir hún og bætir því við að hún hafi fengið styrki frá Fjólu, félagi fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, og Blindrafélaginu.

„En af því að kostnaðurinn var miklu meiri en styrkirnir hefði ég ekki getað farið nema af því að ég fékk styrk frá nokkrum góðum sjómönnum upp á tæpa milljón,“ segir Áslaug.

Hún segir enn fremur að túlkakostnaður fyrir ferðina sé á við hálfar árstekjur öryrkja. Greiða þurfi tveimur túlkum laun í fimm



**Áslaug Ýr Hjartardóttir þarf að greiða túlkaþjónustu úr eigin vasa fyrir sumarbúðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég er orðin dauðþreytt á að vera alltaf að „betla“ peninga hjá hagsmunafélögum og fyrirtækjum fyrir eitthvað sem ríkið á að borga.
>
> Áslaug Ýr Hjartardóttir

daga auk þess að greiða flug, mat og gistingu fyrir túlkana.

„Ef ég er heppin mun þetta bara kosta samtals 1.040.000 kr. (bara túlkarnir, ekki ég eða aðstoðarfólkið). Ég veit að það eru mjög litlar líkur á að Fjóla geti styrkt mig í þetta skiptið, þar sem félagið á sjálft í fjárhagsörðugleikum. Ég er orðin dauðþreytt á að vera alltaf að „betla“ peninga hjá hagsmunafélögum og fyrirtækjum fyrir eitthvað sem ríkið á að borga,“ segir Áslaug og bætir við: „Þetta er eitthvað sem enginn ætti að þurfa að borga sjálfur. Ég þarf nauðsynlega táknmálstúlka í þessar sumarbúðir þar sem ég er bæði heyrnarlaus og blind og mun ekkert geta verið með án þeirra.“

Áslaug segir Ísland eina sjálfstæða landið á meðal Norðurlanda sem veiti ekki endurgjaldslausa túlkaþjónustu þegar farið er til útlanda. „Það er staðreynd sem alltaf er verið að reyna að hylma yfir en er samt sönn.“ **thorgnyr@frettabladid.is**

# HITTU Í MARK!






**Vonda frænkan**
**TILBOÐSVERÐ: 3.399.-**
Verð áður: 4.499.-




**Aflausn**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




**Stríðið mikla 1914-1918**
**TILBOÐSVERÐ: 12.599.-**
Verð áður: 15.999.-




**Fuglafár - Spil**
**TILBOÐSVERÐ: 6.399.-**
Verð áður: 7.999.-




**Jibber Jabber - Spil**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.999.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er 23. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Byggingarlist í Kaupmannahöfn er sögð lokka marga ferðamenn til borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Airbnb vill ekki gefa upp tekjur

**DANMÖRK** Leigumiðlunin Airbnb vill ekki gera nýjan skattasamning við danska ríkið sem gerir eftirlit með skattgreiðslum leigusala mögulegt. Ráðgert var að samkomulagið yrði í höfn fyrir áramót, að því er segir í frétt danska ríkisútvarpsins.

Airbnb bendir á strangar reglur um upplýsingagjöf um einstaklinga. Í samvinnu við stjórnvöld ýmissa landa hafi verið gripið til aðgerða sem auðvelda eigi leigusölum að gera grein fyrir tekjum sínum. Í Danmörku sé hlekkur tengdur við skattayfirvöld á síðum leigusala.

Dönsk yfirvöld eru reiðubúin að semja um ákveðinn skattafrádrátt fyrir leigusala á vegum Airbnb með því skilyrði að leigumiðlunin tilkynni um tekjur þeirra. **– ibs**



Trump í gulli. MYND/SKJÁSKOT AF VEF CNN

## Trump í gulli á iPhone 7 kostar 17 milljónir

**VIÐSKIPTI** Í Sameinuðu arabísku furstadæmunum má nú kaupa iPhone 7 snjallsíma úr gulli með demöntum og steyptu andliti af næsta Bandaríkjaforseta, Donald Trump.

CNN greinir frá því að varan seljist hjá Goldgenie á 151 þúsund dollara eða um 17 milljónir króna. Frank Fernando hjá Goldgenie segir í samtali við CNN að í Arabísku furstadæmunum búi mjög efnaðir einstaklingar sem erfitt sé að gefa jólagjafir þar sem þeir eigi allt nú þegar.

Allt í versluninni er úr gulli en hugmyndin að Trump-símanum kom frá kínverskri konu sem bað um að láta framleiða slíkan síma handa sér. Fernando vildi ekki láta nafns konunnar getið og telur að hún vilji gefa Trump sjálfum eintak af símanum eftir að hann verður svarinn í embætti í næsta mánuði. **– sg**

# Ný lög um kjararáð tóku ekki á launum þingmanna

**KJARAMÁL** Í gær samþykkti Alþingi ný lög um kjararáð sem felast aðallega í því að fækka verulega þeim sem þiggja laun samkvæmt ákvörðunum kjararáðs. Þeirri gagnrýni sem ákvörðun kjararáðs vakti í samfélaginu þegar ráðið hækkaði laun alþingismanna, ráðherra og forseta um tæp 45 prósent var ekki svarað.

„Þessi lagasetning breytir engu um gagnrýni okkar á úrskurði kjararáðs í ár. Það mál er á ábyrgð Alþingis og við teljum að Alþingi eigi að bregðast við þessum úrskurðum,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands.

Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir Kjararáð undanfarið ekki hafa tekið tillit til þróunar kjara á vinnumarkaði og það breyti engu þó að í umræðum þingmanna hafi verið áréttað að kjararáð skyldi ætíð fylgja þróun kjara á vinnumarkaði. „Það liggur þá fyrir að það verður ekki komið til móts við þá gagnrýni sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu fram,“ segir Hannes um lagasetninguna.

> Það liggur þá fyrir að það verður ekki komið til móts við þá gagnrýni sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu fram.



Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, segir það ljóst að þetta frumvarp leysi ekki þau vandamál sem skapast hafa vegna úrskurða kjararáðs á árinu.

„Það er ekki hlutverk þeirra sem sitja í kjararáði að vera mótandi á vinnumarkaði né að valda usla á vinnumarkaði. Bregðist Alþingi ekki við úrskurðum ráðsins verða afleiðingar úrskurðanna á ábyrgð Alþingis,“ segir Gylfi. Hann segir að viðbrögð Alþingis við úrskurðum kjararáðs muni verða forsenda í kjaraviðræðum á næsta ári.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, segir að Píratar hafi lagt til að frumvarpið um kjararáð yrði tekið af dagskrá á þeim forsendum að kjararáð fengi tilmæli um að endurskoða ákvörðun sína. „Í samfélaginu varð uppi fótur og fit þegar kjararáð ákvað á kjördag að hækka laun þingmanna um 45 prósent fyrirvaralaust. Engin tilmæli voru veitt til kjararáðs um endurskoðun ákvörðunar sinnar og ég hef enga trú á því það verði gert,“ segir Birgitta.

Í kjölfar úrskurða kjararáðs sendu flest stéttarfélög landsins frá sér harðorðar yfirlýsingar þar sem þess var krafist að launahækkanirnar yrðu dregnar til baka. Stéttarfélagið Framsýn fór fram á afsögn kjararáðs í heild. **thorgeirh@frettabladid.is**

# Allir bágstaddir fá jólagjafir

**Hjálpræðisherinn, Rauði krossinn og Samhjálp eru meðal þeirra hjálparsamtaka sem koma bágstöddum til aðstoðar yfir jólahátíðina. Börn hælisleitenda eru sérlega ánægð þegar jólasveinninn kemur í heimsókn.**

**SAMFÉLAG** „Það þarf enginn að vera einn á jólunum,“ segir Ingvi Kristinn Skjaldarson hjá Hjálpræðishernum.

Ýmis góðgerðar- og hjálparsamtök bjóða bágstöddum að njóta jólanna með þeim í ár. „Við höldum jólaveislu þar sem allir eru velkomnir. Hingað kemur fólk frá öllum heimshornum og allir eru leystir út með gjöfum,“ segir Ingvi.

Eins og fyrri ár býður Hjálpræðisherinn til jólaveislu á aðfangadag. Veislan verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og boðið verður upp á súpu í forrétt, lambalæri í aðalrétt og svo kökur og ís í eftirrétt. Hjálpræðisherinn stendur auk þess fyrir svipaðri dagskrá í Reykjanesbæ.

„Við ákváðum í ár að byrja á jólaskemmtuninni og hafa matinn eftir á. Þetta gerum við meðal annars vegna samgangna. Strætó hættir að ganga um tvö og það getur reynst fólki með börn erfitt að bíða eftir að dagskráin hefjist,“ segir Ingvi.

Hann telur að veisluna sæki um 200 manns en um 70 sjálfboðaliðar hafa boðið fram krafta sína á aðfangadagskvöld til þess að allir geti haldið gleðileg jól hér á landi.

Í lok veislunnar verða allir gestir leystir út með gjöfum. „Við erum rosalega ánægð með að geta gefið svona flottar gjafir, börnin fá leikföng og bækur og fullorðnir snyrtivörur. Þetta er rosalega flottur jólapakki,“ segir Ingvi.

Rauði krossinn hefur fyrir jól staðið fyrir svokölluðum vetrarhátíðum fyrir hælisleitendur. „Þetta hefur heppnast ótrúlega vel. Góður andi hefur ríkt og fólk er mjög glatt,“ segir Áshildur Linnet, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. Hún segist vera þakklát öllum þeim fjölda fyrirtækja sem hafa lagt verkefninu lið enda snúist jólin um að gleðja annað fólk og gera sér dagamun.



Í Bólstaðarhlíð, félagsheimili eldri borgara, var margt um manninn þar sem ein af fjölmörgum vetrarhátíðum Rauða krossins fór fram í gær. Um 600 hælisleitendur sækja vetrarhátíð Rauða krossins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mikill fjöldi barna hælisleitenda hefur sótt hátíðirnar og segir Áshildur þau vera sérstaklega ánægð enda finnist þeim mjög gaman að hitta jólasveininn. Áshildur áætlar að um 600 hælisleitendur muni sækja vetrarhátíðir Rauða krossins í ár.

Vörður Leví Traustason, framkvæmdastjóri Samhjálpar, segir kaffistofu Samhjálpar opna öll jólin. „Við bjóðum upp á jólamat í hádeginu á aðfangadag, jóladag, gamlársdag og nýársdag,“ segir Vörður. Á hverjum degi koma um 200 manns á kaffistofuna og þiggja mat og segist Vörður eiga von á þeim fjölda í mat yfir hátíðirnar. **thorgeirh@frettabladid.is**





★★★★
SILJA BJÖRK HULDUDÓTTIR

„... mjög skemmtileg hugmynd ...“
ARNALDUR MÁNI FINNSSON / DV

Hressilegar myndskreytingar eftir Hafstein Hafsteinsson og smellinn texti eftir Bjarka Karlsson.



www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# VILLIBRÁÐ Í MIKLU ÚRVALI






















## Maltgrís hamborgarhryggur

Sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarinn áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

Jólin vaxtalaus

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla










## Karlov fylgt til grafar



Útför rússneska sendiherrans í Tyrklandi, Andreis Karlov, fór fram í Moskvu í gær. Karlov var myrtur við opnun ljósmyndasýningar í Ankara á mánudaginn en morðinginn, Mevlut Mert Altintas, var skotinn til bana á vettvangi. Vladímir Pútín, forseti Rússlands var viðstaddur athöfnina. NORDICPHOTOS/AFP

# Tveimur dögum of sein

**Fjölskylda Anis Amri í Túnis er furðu lostin og hneyksluð á honum. Yfirvöld í Túnis sendu ekki nauðsynlega pappíra til Þýskalands fyrr en á miðvikudaginn.**

**ÞÝSKALAND** Víðtæk leit stóð yfir í gær að Anis Amri, 24 ára gömlum Túnismanni sem talinn er hafa myrt tólf manns og sært nærri 50 í Berlín á mánudaginn, þegar hann ók 25 tonna flutningabifreið inn í mannfjöldann á jólamarkaði á Breitscheid-torgi.

Faðir hans segir í viðtali við breska dagblaðið The Times að hann hafi komist í kynni við öfgamenn, sem fengu hann á sitt band, meðan hann sat í fangelsi á Ítalíu.

Þýsk yfirvöld höfðu fylgst með honum vegna gruns um að hann gæti reynt að fremja hryðjuverk. Upplýsingar úr samtölum við öfgapredikara höfðu leitt í ljós að hann hafði sagst reiðubúinn til að fremja sjálfsvígsárás.

Eftirlitinu með honum var hins vegar hætt vegna skorts á sönnunargögnum. Það strandaði á pappírum frá Túnis til staðfestingar á því að hann væri þaðan.

Þessir pappírar bárust þýskum stjórnvöldum loks á miðvikudaginn, tveimur dögum eftir árásina í Berlín.

Fjölskylda hans býr í Túnis, í bænum Ouslatia, og er í áfalli vegna fréttanna.

„Þegar ég sá myndina af bróður mínum í fréttum þá trúði ég ekki eigin augum,“ sagði bróðir hans í viðtali við frönsku fréttastofuna AFP. „En ef hann er sekur þá á hann alla fordæmingu skilda. Við afneitum hryðjuverkum og hryðjuverkamönnum, við höfum engin samskipti við hryðjuverkamenn.“



Nour Al Houda, móðir Anis Amri, sem grunaður er um voðaverkið, situr með innrammaða mynd af honum en að baki sitja fleiri úr fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Anis Amri, 24 ára gamall frá Túnis.

Systir hans segir að hann hafi aldrei gefið neitt í skyn um að eitthvað væri að: „Við vorum alltaf í sambandi á Facebook og hann var alltaf brosandi og kátur. Ég sá þessa mynd fyrst og það var mikið áfall. Ég trúi því ekki að bróðir minn geti gert svona nokkuð.“

Anis Amri sótti um hæli í Þýskalandi í apríl á þessu ári, þóttist þá vera frá Egyptalandi. Umsókninni var hafnað í júní, en ekki var hægt að senda hann strax til Túnis vegna þess að nauðsynleg skilríki skorti.

Amri er sagður hafa forðað sér frá Túnis þegar uppreisn braust þar út árið 2011, en þar í landi átti hann yfir höfði sér fangelsisdóm.

Amri hélt fyrst til Ítalíu og komst þar fljótlega í kast við lögin, var dæmdur í fangelsi fyrir íkveikju og rán. Hann sat þar fjögur ár í fangelsi.

gudsteinn@frettabladid.is




ATH!
SÖLU LÝKUR
KL. 13.00
Á AÐFANGADAG

# NÚ MEGA MILLJÓNIRNAR KOMA FYRIR MÉR

**FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í FJÖRUTÍU OG SEX MILLJÓNIR**



Lottó
LEIKURINN OKKAR



DREGIÐ 24. DES

## JÓLA LEIKURINN | 30 HEPPNIR SPILARAR VINNA 1 MILLJÓN

**10 RAÐIR EÐA ÁSKRIFT KOMA ÞÉR Í POTTINN**

Lottó – LEIKURINN OKKAR
VÍKINGA LOTTÓ – VINNINGINN HEIM!
EURO JACKPOT

ENNEMM / SÍA / NM79108

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ
UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.












Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, Árni Stefán Jónsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, og Elín Björg Jónasdóttir, formaður BSRB, mættu á þingpalla til að fylgja gagnrýni sinni eftir þegar frumvarpið var til umræðu í þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Segja Alþingi hafa brugðist trausti

**Umdeild lög um jöfnun lífeyrisréttinda voru enn til umræðu á Alþingi í gær þegar Fréttablaðið fór í prentun. Með samþykkt frumvarpsins myndi lífeyristökualdur opinberra starfsmanna hækka í 67 ár. Kostar ríkissjóð milljarða.**

**STJÓRNMÁL** Alþingi var enn að ræða umdeilt frumvarp um jöfnun lífeyrisréttinda með atkvæðum þingmanna Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Frumvarpið var lagt fram eftir að samkomulag náðist milli ríkis og sveitarfélaga annars vegar og heildarsamtaka launþega (BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands) hins vegar hinn 19. september. Markmið samkomulagsins var að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, hvort sem þeir starfa á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.

Fyrrgreint samkomulag var kynnt með viðhöfn í Hannesarholti. Þar kom fram að markmið með breytingunum væri meðal annars að gera launafólki betur kleift að færa sig milli almenns og opinbers vinnumarkaðar hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á ávinnslu lífeyrisréttinda. Tekið var fram að með breytingunni ættu réttindi sjóðsfélaga ekki að skerðast.

Eftir að samkomulagið var undirritað gagnrýndi Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga harðlega samráðsleysið enda standa þeir utan BHM og BSRB. Einstök félög innan BSRB, svo sem sjúkraliðar, lögreglumenn, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og tollverðir gagnrýndu líka aðild BSRB að samkomulaginu. Þegar frumvarpi um málið var svo dreift á Alþingi gagnrýndu launþegasamtökin það harðlega og sögðu það ekki í samræmi við fyrrgreint samkomulag.

> **Samkomulagið er alveg skýrt um að það talar um alla og við höfum ekki verið í neinum vafa um skilning okkar á því**
>
> Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Frumvarpið var lagt fram aftur þegar þing kom saman í desember. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur lagt ríka áherslu á að málið verði samþykkt fyrir áramót. Ástæðan er sú að til þess að tryggja óbreytt réttindi sjóðsfélaga er ráðgert að ríkið leggi til 106,8 milljarða króna í lífeyrisaukasjóð og 8,4 milljarða í varúðarsjóð sem verður dregið á ef lífeyrisaukasjóðurinn dugar ekki til. Að auki er gert ráð fyrir 10,4 milljarða framlagi frá ríkissjóði til að rétta af núverandi halla á A-deild lífeyrissjóðsins. Þessi útgjöld er hægt að fjármagna í ár, án þess að til komi halli á ríkissjóði, vegna stöðugleikaframlaga slitabúa föllnu bankanna. Það er mat fjármálaráðherra að ef málið myndi bíða væri ekki hægt að fjármagna kostnaðinn við það nema með halla á fjárlögum.

Gagnrýni BHM á frumvarpið snýst einkum um að í samkomulaginu frá 19. september sé talað um að tryggja þegar áunnin réttindi allra sjóðsfélaga. Í frumvarpinu sé talað um virka greiðendur, sem þýðir að þeir sem hafa greitt í lífeyrissjóð síðustu 12 mánuði fá lífeyrisaukann. Það þýðir að þeir ávinna sér réttindi eins og í gamla kerfinu og geta farið á eftirlaun 65 ára eins og í gamla kerfinu. Öðru máli gegnir um þá sem eiga geymd réttindi, það er hafa ekki greitt síðustu tólf mánuði en hafa greitt einhvern tíma áður. „Samkomulagið er alveg skýrt um að það talar um alla og við höfum ekki verið í neinum vafa um skilning okkar á því, ekki frekar en BSRB eða KÍ,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, máli sínu til stuðnings. Í öðru lagi segir Þórunn að tryggingafræðilegt mat á lífeyrisaukasjóðnum hafi breyst til hins verra frá því sem var þegar frumvarpið var lagt fram fyrir kosningar.

Í umsögn BSRB er gerð athugasemd við að afnema skuli ríkisábyrgð á greiðslum launagreiðanda, það er ríkissjóðs, fyrir þá launþega sem ekki eru orðnir 60 ára. Þar með eru réttindi annarra sjóðsfélaga skert án þess að nokkuð komi í staðinn.

jonhakon@frettabladid.is



VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

Betra BAK

OPIÐ TIL 22⁰⁰ Í DAG

Calvin Klein home



15% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!

JOOP!

## JOOP RÚMFÖT

22.015 kr. Verð fyrir: 25.900 kr.



15% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!

Calvin Klein home | KENZO MAISON | BOSS HUGO BOSS



BAÐSLOPPAR, VERÐ FRÁ: 25.990 KR.

elegante bed-linen fashion

## ELEGANTE RÚMFÖT

31.365 kr. Verð fyrir: 36.900 kr.



15% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!



## TVENNUTILBOÐ

Dúnsæng og dúnkoddi
60% dúnn, 40% smáfiður.

19.900 kr.

Fullt verð: 29.800 kr.

TEMPUR



20% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!

## TEMPUR TRADITIONAL

Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Jólatilboð: 15.920 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.

NÝJUNG Í BETRA BAKI

## SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri eða ljósri Merino-ull.

Komdu og prófaðu!

7.900 KR.



## ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDS-INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.

5 reflex zones

BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Í dag Þorláksmessu 10–22
Aðfangadag 10–13 | www.betrabak.is

Betra BAK



Krakkarnir níu eru í 6. bekk í Breiðholtsskóla sem þau segja að sé langbesti skólinn. Þeim líði vel þó þau kvarti undan því að skólastarfið byrji alltof snemma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Foreldrar eru alltof lengi að ganga frá

**Níu börn í sjötta bekk í Breiðholtsskóla settust niður með Fréttablaðinu til að fara yfir hvernig jólin þeirra væru. Börnin eru öll sammála um að alltof langur tími líði frá því að jólamatnum lýkur og þangað til pakkarnir eru opnaðir. Til að koma sér í jólaskapið hlusta þau á jólatónlist, kveikja á kertum og hafa það kósí. Foreldrar þeirra bjóða flestir upp á hamborgarhrygg á aðfangadag og ís í eftirrétt.**

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Jólaballi miðstigsins í Breiðholtsskóla er nýlokið þegar Fréttablaðið stígur inn. Emmsjé Gauti er spilaður og krakkarnir dansa og syngja með. Níu börn koma í stofu 38 eftir ballið og eru í sínu fínasta pússi. Þau hlakka öll mikið til jólanna, eru mjög spennt að fara í jólafrí og ætla öll að hafa það notalegt um jólahátíðina.

„Ég ætla að taka því rólega og horfa á jólamyndir, allavega Home Alone,“ segir Róbert Breki og Sigurður Ríkharð tekur undir það. Sara María ætlar að borða piparkökur, horfa á sjónvarpið og opna pakkana. „Ég ætla að slaka á og vonandi verður kominn nægur snjór til að gera snjókarl. Svo ætla ég að baka smákökur. Mér finnst mjög gaman að baka, segir Sóley. Mariane Heluisa ætlar að hafa það kósí um hátíðirnar, baka smákökur, og horfa á uppáhaldsjólamyndina sína, Hvernig Trölli stal jólunum.

Halldóra Valdís ætlar að nýta fríið og vinna upp svefn. „Ég ætla að sofa, horfa á jólamyndir á Netflix og baka smákökur. Ég þarf oft að vakna svo snemma, því skólinn byrjar svo snemma, að ég ætla að nýta fríið til að sofa.“ Rakel Dögg er í gipsi á annarri hendinni og vonast til að losna við það milli jóla og nýárs. „Ég ætla líka í bíó og við pabbi ætlum að baka piparkökuhús. Síðan vona ég að ég geti farið á sleða.“

Alexia Katrín ætlar að sjá nýju Harry Potter-myndina og fara á Selfoss að hitta stórfjölskylduna. „Vonandi getum við farið út á sleða og sofið út.“ Steinunn Mardís segist einnig ætla í bíó en líka að skreyta piparkökur. „Ég ætla líka að lesa bók og fara í jólaboð.“

**Engin matarlyst fyrir spenningi**

Spurð um jólamatinn segir hún yfirleitt hamborgarhrygg á boðstólum með heimalöguðum ís. Steinunn Mardís, Rakel Dögg, Halldóra ➡






Starfsfólk Isavia óskar landsmönnum öllum **gleðilegra jóla og farsældar á komandi ferðaári.** Þökkum kærlega fyrir árið sem er að líða.

isavia

16-3280 — HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Kurteisin leyndi sér ekki. Þrátt fyrir að þurfa að segja mikið báðu krakkarnir alltaf um orðið eins og Sigurður sýnir hér.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

➡ Valdís, Sóley og Sigurður Ríkharð fá öll hrygginn góða. „Það er möndlugrautur í eftirrétt hjá mér,“ segir Steinunn Mardís. „Pabbi hefur alltaf búið hann til en hann leyfði mömmu að gera hann síðast. Ég veit ekki hvort þeirra gerir grautinn núna,“ bætir hún við.

„Ég er ekki með neina matarlyst því ég er svo spennt yfir pökkunum. Ég borða því yfirleitt bara kartöflur í svona karamellu. Í eftirrétt er svo heimatilbúinn vanilluís sem mamma gerir,“ segir Rakel Dögg.

Halldóra Valdís vill fara að prófa eitthvað nýtt og fer ekkert leynt með það: „Það er alltaf hamborgarhryggur um hver einustu jól. Ef ég á að vera hreinskilin þá er ég eiginlega komin með leiða á honum. Ég vil fara að prófa eitthvað nýtt. Ég á reyndar eftir að segja mömmu og pabba það reyndar. Þau lesa það bara hér,“ segir hún og hlær.

Róbert Breki er með allt á hreinu um hvað verður í matinn. „Það verður annaðhvort önd eða kalkúnn með hvítlaukskartöflum. Í eftirrétt gera mamma og pabbi vanillubúðing með púðursykri ofan á og svo er hann brenndur. Það er ofboðslega gott. Mamma og pabbi eru snillingar í eldhúsinu, þau eru samt ekki kokkar.“

Hjá Mariane Heluisa verður kalkúnn. „Í eftirrétt kemur amma með heimatilbúinn mintuís og ég og mamma búum til oreo-búðing. Amma mín er samt ekki úr Breiðholti heldur býr hún í Grafarholti.“ Hjá Alexiu Katrínu er kjötsúpa og ís í eftirrétt og ef Sóley verður hjá pabba sínum verður boðið upp á hangikjöt.

Sara María var ekki viss um hvar hún yrði um jólin og maturinn færi eftir því. „Ef ég er hjá mömmu þá er annaðhvort lamb eða rjúpa og heimatilbúinn ís. Ef ég verð í Færeyjum þá er önd. Við höldum stundum jól þar því ég á fjölskyldu þar og þar er borðaður möndlugrautur í eftirrétt.“

## Er í lögum að vera svona lengi?

Krakkarnir eru sammála um að tíminn sem foreldrar þeirra setja í að ganga frá eftir matinn sé of langur. Maturinn sé góður og allt það en þau langar að fá að opna pakkana og það helst strax. „Eru einhver lög sem segja að foreldrar verði að vera allavega korter að ganga frá?“ spyr Róbert Breki hissa. Hin taka undir. „Ég ýtti mömmu frá í fyrra og vaskaði upp fyrir hana og var helmingi fljótari en hún. Mamma var bara að hlusta á tónlist og taka sér pásu og dilla sér,“ segir Mariane Heluisa. „Mamma þarf alltaf að lesa eitthvað áður, stundum heila bók. Ég verð alltaf ógeðslega pirraður því mig langar bara að opna pakkana strax,“ segir Sigurður Ríkharð. „Einu sinni kallaði mamma í mig þegar ég sat frammi að bíða eftir að fá að opna: Bíddu aðeins, ég ætla að fá mér kaffisopa með ömmu þinni,“ segir Róbert Breki. „Pabbi var einu sinni búinn að vera svo lengi að ganga frá og ég var orðin mjög pirruð þannig að ég vaskaði allt upp,“ segir Rakel Dögg. „Það er eins og foreldrum sé drullusama um að krakkarnir vilji opna pakkana,“ segir Sigurður. Halldóra Valdís bendir á að sínir foreldrar njóti þess að vaska upp í staðinn fyrir að setja í uppþvottavélina en það sé ekki vinsælt meðal barnanna.

Það er ljóst að biðin lengist enn frekar því það þarf að taka myndir og setja á Facebook. „Við erum þrjár systur og mamma er alltaf að setja myndir á Facebook og það er svo erfitt því það er alltaf einhver með skrýtinn svip,“ bendir Sóley á. Steinunn Mardís er búin að kokka upp ráð: „Ég ætla að sjá um að ganga frá þessi jól. Ég ætla að setja plastfilmu yfir diskana því þá þarf ekkert að vaska upp. Þá bara tek ég plastfilmuna af diskunum og set þá beint upp í skáp. Þá styttist biðin.“

## Hluti af jólunum að rífast

Til að koma sér í jólaskap hlusta börnin á jólatónlist og horfa á jólamyndir. Einnig er metingur um hver fær að setja flottasta jólaskrautið á jólatréð. „Það endar stundum með því að systir mín fer að gráta því við rífumst yfir hvor á að setja stjörnuna,“ segir Halldóra Valdís. „Það er hluti af jólunum að rífast við systur mína um hvor fær að setja besta jólaskrautið á jólatréð,“ segir Sigurður. „Einu sinni fór mamma að hlusta á þungarokk um jólin. Ég held að hljómsveitin heiti Skálmöld. Fyrst fór ég ekkert í jólaskap við það en svo kom það. Ég vona samt að það verði ekki að hefð,“ segir Sóley. Eftir fjöruga og skemmtilega umræðu um jólasveininn kom beiðni um að það yrði ekki birt. „Ég get ekki tekið sénsinn,“ sagði einn ónefndur nemandi. Krakkarnir eru nú komin í jólafrí og vilja fara að komast út. Í raun ljúka þau viðtalinu sjálf og ganga sæl og glöð út í frelsið til fjórða janúar.

**Ég er ekki með neina matarlyst því ég er svo spennt yfir pökkunum. Ég borða því yfirleitt bara kartöflur í svona karamellu.**



Rakel Dögg

**Eru einhver lög sem segja að foreldrar verði að vera allavega korter að ganga frá?**



Róbert Breki

**Vonandi getum við farið út á sleða og sofið út.**



Alexia Katrín

**Ég ýtti mömmu frá í fyrra og vaskaði upp fyrir hana og var helmingi fljótari en hún. Mamma var bara að hlusta á tónlist og taka sér pásu og dilla sér.**



Mariane Heluisa

**Pabbi hefur alltaf búið hann til en hann leyfði mömmu að gera hann síðast. Ég veit ekki hvort þeirra gerir grautinn núna.**



Steinunn Mardís

**Ég þarf oft að vakna svo snemma, því skólinn byrjar svo snemma, að ég ætla að nýta fríið til að sofa.**



Halldóra Valdís

**Ef ég verð í Færeyjum þá er önd. Við höldum stundum jól þar því ég á fjölskyldu þar.**



Sara María

**Við erum þrjár systur og mamma er alltaf að setja myndir á Facebook.**



Sóley

**Mamma þarf alltaf að lesa eitthvað áður, stundum heila bók. Ég verð alltaf ógeðslega pirraður því mig langar bara að opna pakkana strax.**



Sigurður Ríkharð





OPNUNARTÍMI UM JÓLIN

23. des. 08:00 - 22:00
24. des. 08:00 - 14:00
25. des. LOKAÐ
26. des. 11:00 - 20:00

Alla daga 8-20

Nóatún Austurveri – www.noatun.is

NÓATÚN




Fánar veraldar




Krakka-Alias




Segðu

# MÖNDLUGJÖFIN Í ÁR!

# SKEMMTILEGU BORÐSPILIN

## FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA








# Myndir af innlendum vettvangi árið 2016



Gengi íslenska karlaliðsins í knattspyrnu á Evrópumótinu í sumar lifir eins og ljúfur draumur í minni allra Íslendinga. Hámarki náði veislan þegar Ísland sendi Tjallana heim með skottið á milli lappanna eftir stórkostlegan sigur í 16 liða úrslitum. Þúsundir komu saman á Arnarhóli og fylgdust með leikjunum – sem enginn gleymir. Nokkru sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokks og formaður fjárlaganefndar, horfir niður til þeirra þúsunda Íslendinga sem mættu á Austurvöll til að mótmæla aflandsfélagaeign ráðamanna. Á glugga Alþingishússins má sjá að það var grýtt enda þjóðinni fullkomlega ofboðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Eftir að öldurót Panamaskjalanna var að mestu gengið yfir landsmenn gengu oddvitar stjórnarflokkanna á fund þjóðarinnar og tilkynntu henni hvernig framhaldið yrði. Boðað var að kosningum yrði flýtt – en þjóðin, sem setti stjórnina af með fjölmennustu mótmælum í seinni tíð, beið svo í nokkra mánuði áður en hún fékk að vita hvenær þær færu fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Formleg móttökuathöfn fór fram á Akureyri fyrir 23 flóttamenn sem komu til bæjarins í janúar að loknu sólarhringsferðalagi frá Líbanon. Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, bauð nýja bæjarbúa velkomna og óskaði þeim velfarnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Þjóðin kaus sér forseta á árinu. Guðni Th. Jóhannesson, sjötti forseti lýðveldisins, og eiginkona hans, Eliza Reid, fögnuðu ásamt börnum sínum og fjölda ánægðra Íslendinga sem hylltu forsetafjölskylduna við heimili hennar á Seltjarnarnesi síðla dags 26. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„STEFÁN MÁNI ER BESTI SPENNUBÓKASMIÐUR OKKAR OG SVARTIGALDUR ER HÖRKUBÓK.“

Þorgeir Tryggvason bókmenntagagnrýnandi

„ÞESSA BÓK ER NÆR ÓMÖGULEGT AÐ LEGGJA FRÁ SÉR EFTIR AÐ HÚN HEFUR VERIÐ OPNUÐ.“

Sunna Ben fjöllistakona

„ÉG FANN Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI ÁÞREIFANLEGA FYRIR ORÐASAMBANDINU AÐ RENNA KALT VATN MILLI SKINNS OG HÖRUNDS.“

Þóra Hallgrímsdóttir, herdubreid.is




NÝ BÓK EFTIR
METSÖLUHÖFUNDINN
STEFÁN MÁNA
★★★★★

BLÓÐDROPINN
HIN ÍSLENSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUN
*Vinningshafi*
2007, 2013 OG 2014

sögur útgáfa

KONTOR REYKJAVÍK

## Myndir af innlendum vettvangi



Eins og undanfarin sumur gekk makríll á Íslandsmið og reyndist auðveiddur. Kjaramál sjómanna voru þó meira í umræðunni en aflabrögð þeirra og fyrir stuttu felldu öll félög sjómanna nýgerðan kjarasamning og héldu til hafnar í framhaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, fékk fyrstur umboð frá forseta Íslands til að reyna að mynda ríkisstjórn – um miðjan nóvember varð ljóst að þreifingar hans myndu engu skila. Þar með hófst sú hringekja viðræðna sem staðið hefur yfir síðan – án þess að stjórnarkreppa landsins hafi verið leyst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kanadíska poppgoðið Justin Bieber hélt tvenna tónleika í Kórnum í Kópavogi í september. Ekki er ofsagt að runnið hafi á landann æði vegna komu hans hingað – og réðu aðdáendur sér ekki fyrir kæti að tónleikum loknum. Þeir sem líta ekki á drenginn sem guðlega veru höfðu efasemdir um flutning hans – en þó óverulegar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tapaði í formannsslag Framsóknarflokksins fyrir Sigurði Inga Jóhannssyni. Sigmundur gekk sýnilega vonsvikinn út úr Háskólabíói þegar nýr formaður Framsóknarflokksins hvatti til samstöðu í pontu. Hann er fyrsti formaður flokksins á eftir Jónasi frá Hriflu sem er felldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG ÞORLÁKSMESSU

# 10-22

## VERIÐ VELKOMIN

STARFSFÓLK BÓNUS

LÁGT VERÐ
ALLA DAGA



BÓNUS

OPIÐ AÐFANGADAG
10-14

# Þingmenn sýna þroska



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Fyrir áhugafólk um stjórnmál hefur verið áhugavert að fylgjast með störfum þingsins frá því að það kom saman að loknum kosningum. Sérstaklega var umræðna og afgreiðslu fjárlaga beðið með nokkurri eftirvæntingu, enda eiga menn því að venjast að í umræðum um þau nýti stjórnarandstaða á hverjum tíma tækifærið til að slá pólitískar keilur sem oftar en ekki byggja á því ábyrgðarleysi sem fylgir því að vera í stjórnarandstöðu.

Nú er engu slíku að heilsa. Starfandi ríkisstjórn hefur ekki þingmeirihluta og um leið hverfur ábyrgðarleysi annarra þingflokka af fjárlögum næsta árs. Við þessu hefur þingið brugðist með ábyrgum og málefnalegum hætti og unnið úr stöðunni af sanngirni og yfirvegun. Guð láti gott á vita.

Við þær kringumstæður sem hér ríkja er afar mikilvægt að ríkið haldi aftur af sér, greiði skuldir og verði ekki sjálfstæður þensluvaldur í hagkerfinu. Þetta verður þeim mun erfiðara sem tekjur ríkisins hækka vegna aukinna umsvifa og alltaf má finna góð mál í samfélaginu sem verðskulda meira fé.

Sú var raunin í síðustu uppsveiflu þar sem of mikill slaki varð í ríkisfjármálum og Seðlabankinn skilinn eftir einn á aðhaldsvaktinni. Þó ber að halda því til haga að ríkið greiddi skuldir sínar á tímabilinu og var því betur í stakk búið til að takast á við þau áföll sem síðar fylgdu en ella hefði orðið.

Fjármálaráðherra lagði fram nokkuð aðhaldssamt frumvarp, en hefur væntanlega gert sér grein fyrir því í ljósi pólitískrar stöðu að fjárlagafrumvarp sem hefur minnihluta á bak við sig myndi taka einhverjum breytingum. Reikna má með að meðvitað hafi verið naumar skammtað í suma málaflokka með vitund um að þingið myndi bæta í.

Sú varð raunin, en þrátt fyrir útgjaldaauka stefnir í frumvarp með sæmilegum afgangi. Enda þótt færa megi rök fyrir því að aðhald í ríkisfjármálum mætti vera meira, þá stefnir allt í að þingið komi í gegn skynsamlegu fjárlagafrumvarpi án starfandi meirihlutastjórnar.

Engin hefð er fyrir minnihlutastjórnum á Íslandi. Á Norðurlöndunum er löng hefð fyrir því að stjórnir þurfi að semja mál í gegnum þingið. Þetta fyrirkomulag minnkar sveiflur þegar skiptast á borgaralegar hægristjórnir og vinstristjórnir. Þeir sem til þekkja á Norðurlöndunum kannast við að orðræða milli ólíkra stjórnmálahugmynda er rökrænni og yfirvegaðri en við eigum að venjast hér.

Einhvern tíma var lagt upp með að innleiða samræðustjórnmál í íslenskri pólitík. Það hlaut ekki mikinn hljómgrunn á þeim tíma. Sú skotgrafaumræða sem oft einkennir samtöl okkar um helstu mál skilar okkur sjaldnast nokkuð á leið. Kannski má segja að fjárlagafrumvarpið nú sé afrakstur þess að stjórnmálaöfl tóku upp samræðustjórnmál um stund.

**Enda þótt færa megi rök fyrir því að aðhald í ríkisfjármálum mætti vera meira, þá stefnir allt í að þingið komi í gegn skynsamlegu fjárlagafrumvarpi án starfandi meirihlutastjórnar.**




Halldór




## Frá degi til dags

**Skattpíningin**

**Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir skattahugmyndir vinstri manna „í nafni lýðheilsu" á Facebook-síðu sinni en hugmyndirnar fela í sér hækkun á sykurskatti. Hugmyndirnar kallar Brynjar pyntingastefnu. Þetta er kómískt í ljósi þess að daginn áður talaði Brynjar fyrir nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar þar sem lagt er til að tóbaksgjald verði hækkað enn meira en upphaflega var ætlað í frumvarpsdrögum fjárlaga. Gert er ráð fyrir að hækkunin hafi allt að 500 milljóna króna jákvæð áhrif á ríkissjóð á næsta ári. Eins manns dauði er sannarlega ríkissjóðs brauð.**

**Lýðheilsan**

**Í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins gagnrýndi Oddný Harðardóttir, þáverandi formaður Samfylkingar, harðlega að sykurskattur hefði verið lækkaður í tíð sitjandi ríkisstjórnar. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, svaraði því til að sykurskatturinn hefði aldrei virkað. Sem tekjuöflunarleið væri afkoman smápeningar fyrir ríkissjóð og skattheimtan hefði engu breytt um neyslu landsmanna á sykruðum vörum. Þá hefði sykurskatturinn lagst á vörur sem ekki teldust til sætinda. Það er kostulegt að Sjálfstæðismenn sjái mikinn mun á neyslusköttum á áfengi og tóbaki annars vegar og sykrinum hins vegar. Sykurinn þykir ein stærsta heilbrigðisvá í heiminum í dag en heilsuspillandi vörur eru greinilega ekki allar sama tóbakið.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Oní þá skal það!



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Átti erindi inn í matvöruverslun til að kaupa í kvöldmatinn. Afgreiðslumaður í matborði vildi vita hvers ég óskaði. Spurði á móti hvort hann ætti folaldakjöt. Hann kvað nei við, sagði það núorðið vera sjaldan á boðstólum. Ég hváði við og spurði hvers vegna; enn köstuðu merar þó folöldum sem ekki væru öll sett á. Rétt er það, var svarið, þeir hafa hins vegar sett kvóta á framboð folaldakjöts. Nú, hvernig má það, spurði ég. Hann sagði: Þeir sögðu mér það fyrir vestan, þegar ég vann þar, að folaldakjötið tæki sölu af lambakjötinu, það þætti mjúkt og gott og væri þar að auki ódýrt. Já, það var lóðið, sagði ég og þagnaði, hætti við að kaupa kjötmeti og ákvað að fá mér fisk.

Þegar út var komið staldraði ég við og tautaði í barm mér. Ekki var ég að gera sjálfum mér hvað þá sjómönnum neinn greiða með þessu. Nú ákveður bændaforystan að setja innanlandskvóta á fiskinn, svo hann verði dýrari og keppi síður við lambakjötið. Það verði að hafa forgang á diskum landsmanna, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Oní þá skal það.

**Raunstjórnun á matvælaneyslu landsmanna**

Þetta er ekki eina dæmið um forræðishyggju og raunstjórnun bændaforystu og afurðastöðva á matvælaneyslu landsmanna. Þekkt er hetjuleg barátta þeirra gegn ónáttúrulegu undanrennuþambi landans. Þessi næringarlitla afgangsafurð fékk stöðu nýmjólkur og verðlögð eftir því. Einu sinni var smjörlíki, sem fellur undir flokkun iðnaðarvara, gert að landbúnaðarafurð og látið lúta lögum um verðlagningu búvara. Þannig tókst að hækka verð á smjörlíki, þótt enginn framleiðandi bæði um það. Smjör átti að kaupa, ekki margarín.

Nú er annar áratugur 21. aldar meira en hálfnaður. Hve lengi á að viðhalda þeirri forneskju að bændaforystan fái að ráða því, hvað við setjum oní okkur? Eða erum við svona miklir fávitar að okkur sé ekki treystandi til þess? Nú skil ég betur af hverju bændaforystan berst svona heiftarlega gegn ESB. Þar eru neytendur í hávegum hafðir. Hér er það lambakjötið.

**Nú skil ég betur af hverju bændaforystan berst svona heiftarlega gegn ESB. Þar eru neytendur í hávegum hafðir. Hér er það lambakjötið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Það hentar heimsmynd minni betur ef þið haldið ykkur í Afríku

Í DAG



Bergur Ebbi

Það er verðugt verkefni að segja skilið við heimsmynd sem byggir á svöngum börnum í Afríku eða stríðshrjáðu fólki í Sýrlandi, líkt og þau eigi bara að vera þar.

Þegar ég var lítill og vildi ekki klára matinn af diskinum mínum var mér sagt að ég ætti að gera það fyrir börnin í Afríku. Ég sé þessi börn enn þá fyrir mér, með mjóa útlimi, innfellda brjóstkassa og útþembda maga. *Börnin í Afríku* höfðu stór og stirðnuð augu sem fönguð voru af linsu myndavélanna. Þetta voru sterkar myndir. Þessi börn voru svo umkomulaus, svo svöng og aðframkomin og einnig svo fullkomlega í Afríku. Þau voru *börnin í Afríku*.

Til að setja þetta í samhengi er ágætt að rifja upp að vandamál Afríku voru mikið til umfjöllunar skömmu eftir að ég fæddist. Stærsti fréttaviðburðurinn var hungursneyðin í Eþíópíu sem geisaði á árunum upp úr 1983 og leiddi landslið poppara til að syngja saman jólalagið *Do They Know It's Christmas* sem var vinsælasta lagið í Bretlandi fyrir jólin 1984. Ári síðar var komið að bandarískum poppurum með *We are the World* og sama ár var Live Aid tónlistarhátíðin haldin til stuðnings hjálparstarfi í Afríku. Mynstrið náði einnig til Íslands með laginu *Hjálpum þeim* og samskonar söfnun. Það var á þessum tíma sem ég var látinn klára af diskinum mínum fyrir litlu börnin í Afríku. Ég minnist þess aldrei að hafa gert athugasemdir við það, en mig grunar samt að ég hafi ekki skilið röksemdina til fullnustu fyrr en ég varð fullorðinn.

**Friðargæsla og dyravarsla**

Hvernig hjálpar það annars börnum í Afríku, sem fá engan mat, að börn á Vesturlöndum klári af diskinum sínum og séu í góðum holdum? Svarið við því er að röksemdin snýst um stærri gildi eins og þakklæti. Börn á Vesturlöndum eiga ekki að taka mat sem sjálfgefnum hlut sem má leyfa, því hann er ekki í boði fyrir börn alls staðar í heiminum. Ef slík gildi eru innrætt börnum frá unga aldri þá eru þau líklegri sem fullorðnir einstaklingar að sýna samkennd og koma fólki til hjálpar, bæði í Afríku og annars staðar. Þess vegna eru börn á Vesturlöndum látin klára af diskinum sínum fyrir börnin í Afríku.

Ég held að þessi röksemd hafi ekki skilið mína kynslóð eftir í siðferðislegu tómarúmi. Röksemdin gengur alveg upp í sjálfu sér en það er eitt atriði sem gefa þarf sérstakan gaum – og það er atriði sem skipti kannski ekki svo miklu máli fyrir þrjátíu árum, en skiptir gríðarlega miklu máli í dag.

Röksemdin gerir í eðli sínu ráð fyrir því að þessi svöngu börn séu til friðs þarna í Afríku. Það eina sem við þurftum að skilja er að *þau* voru svöng en *við* vorum það ekki. Röksemdin gerir ekki ráð fyrir að svöngu börnin í Afríku eigi snjallsíma og spili Temple Run við jafnaldra sína í Kópavogi. Röksemdin gerir ekki ráð fyrir að einn daginn verði börnin stór og fái kynhvöt og fari á diskótek og pósti myndum af sér á hégómafullar samfélagsmiðlasíður.

Fyrir þrjátíu árum voru börnin bara í Afríku og eina tenging okkar við þau var í gegnum linsur tökumanna sem samviskusamlega festu aðeins þrjár hugmyndir í koll okkar: svengd, barnæsku og Afríku. Í dag er slík dyragæsla liðin tíð. Börn verða áfram svöng í Afríku en við munum aldrei fá jafn stíliseraða mynd af því. Afríka er ekki afmarkaður og fjarlægur staður sem við upplifum með augum friðargæsluliða. Það er fullt af venjulegum hlutum í gangi í Afríku. Fólk fær stöðumælasektir í Afríku. Fólk fær kvef í Afríku. Það eru ekki allir svangir og það eru ekki allir börn. Við munum aldrei fá jafn fullkomna röksemd aftur. En það tel ég kjarna málsins.

**Heimsmynd byggð á frösum**

Siðferðisboðskapur er alltaf röksemd. Maður á til að gleyma því. Sum siðaboðorð hafa verið endurtekin svo oft að þau fljóta í gegnum vitund manns eins og kennivald, en ekkert ætti að gera það. Ekkert er yfir gagnrýni hafið. Ekki einu sinni móðurástin. Hér er ég að gera ráð fyrir að flestir lesendur séu skynsemishyggjufólk en ég minni á að jafnvel heilög boðorð eru einnig röksemdir og nánast öll trúarbrögð halda uppi umræðu um kenningar sínar.

Á sama tíma og fleiri hafa tök á því að taka þátt í umræðu um siðferðisboðskap, þá verður hann flóknari. Rökræður eru eins og hver önnur athöfn. Fólk verður þreytt. Þess vegna nota rökræður ýmsa fasta svo þátttakendur geta hvílt sig. Það er til dæmis óþarfi að rífast um að sólin sé heit eða að hnífar séu beittir. *Svöngu börnin í Afríku* er dæmi um slíkan fasta sem heimurinn er vaxinn upp úr. Það er ekki lengur hægt að henda fram slíkri fullyrðingu og ætlast til að tilgangurinn helgi meðalið. Rökræður á samfélagsmiðli eru umræða sem hægt er að tagga alla inn í og þá eru hvíldarfastarnir ekki margir. Á einum enda rökræðunnar gæti allt eins verið barn frá Afríku og það hefur eflaust margt annað til málanna að leggja en að vera svangt.

Samt er enn verið að beita *svöngu börnin í Afríku* rökum um vandamál heimsins. Við eigum að vera þakklát því *þau* þarna úti langtíburtistan líða skort. Í dag eru svoleiðis röksemdir bara ekki lengur í lagi. Mest aðkallandi siðferðismál okkar tíma er vandamál flóttafólks. Þau eru ekki bara þarna lengst í burtu. Þau eru landlaus, og sum á leiðinni hingað. Það er verðugt verkefni að segja skilið við heimsmynd sem byggir á svöngum börnum í Afríku eða stríðshrjáðu fólki í Sýrlandi, líkt og þau eigi bara að vera þar og við eigum að vera þakklát fyrir að vera ekki þar. Þau eru ekki þau. Þau eru við. Kannski hefur það alltaf verið sagt, en ég held að það sé meira til í því nú en nokkru sinni fyrr.

*Gleðileg jól.*



# Rýtingur Þingsins í bak þjóðar?



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Þegar ég var kandídat á taugalækningadeild Landspítalans var kústaskápur á ganginum sem tengdi A- og B-ganga lyflækningadeildar við hvelfingu þar sem voru fernar dyr, einar þeirra veittu aðgang að taugalækningadeildinni þar sem ég vann. Auk kústa hýsti skápurinn fötur og tuskur og einhvers konar sápubrúsa. Dyrnar inn í skápinn voru myndarlegar eins og þær ætluðu að veita manni aðgang að stórum sal og hurðin fyrir þeim rammgerð að sama skapi. Hinum megin við þær var hins vegar bara eins og hálfs metra djúpur skápur.

Einu sinni þegar ég var á vakt dó sjúklingur sem ég tók þátt í að annast og ég ráfaði inn í skápinn, lokaði dyrunum og settist á gólfið í niðamyrkri og dvaldi þar um hríð, rembdist við að bæla angistina og ná áttum. Það var ekki fyrr en mörgum árum síðar að ég gerði mér grein fyrir því að í myrkrinu skápsins var ég ekki bara að sækjast eftir fjarveru ljóss heldur líka þeirri huggun sem fæst við að myrkrið vefji sig utan um öll skynfæri. Þetta var líklega tilraun til þess að reka eina angist út með annarri eða kannski tveimur öðrum, vegna þess að auk myrkfælninnar þjáðist ég af töluverðri innilokunarkennd.

Þegar ég gekk um þennan tengigang nú í haust um miðja nótt, í töluverðri pínu, í þetta skiptið vegna þess að hún systir mín var illa lasin og hafði verið flutt á gjörgæslu, þá sýndist mér að kústaskápurinn góði væri þar enn þá. Ég ákvað að best væri að hörfa aftur inn í hann í leit að huggun en áður en ég gat tekið í hurðarhúninn hringdi farsíminn. Það var systurdóttir mín að segja mér að læknir á gjörgæslunni ætlaði að flytja móður hennar yfir á gjörgæsluna í Fossvogi vegna þess að sú við Hringbraut væri ekki nægilega vel mönnuð til þess að sinna henni.

Ég rauk upp á aðra hæð og inn á gjörgæsluna til þess að lesa yfir hausamótunum á lánlausum lækni. Það er nefnilega þannig að ef sjúklingur þarf raunverulega á gjörgæsluvist að halda er óskynsamlegt að flytja hann milli herbergja og brot á mikilvægu prinsippi að reyna að ferja hann milli húsa, prinsippinu að gera allt sem hægt er til þess að bjarga lífi sem er í bráðri hættu. Gjörgæslulæknirinn sagði að hann yrði einfaldlega að taka þessa áhættu vegna þess að ástandið á Spítalanum væri svo slæmt.

Þegar ég benti honum á að hann ætlaði að taka áhættu með líf systur

**Hver veit nema hann sjái eitthvað sem stjórnendur Spítalans gera ekki, til dæmis tækifærið sem kústaskápurinn á tengiganginum býður upp á. Það er nefnilega þannig mál með vexti að þótt ekki sé hægt að koma þar fyrir sjúkrarúmum má setja upp slá í um það bil tveggja metra hæð og hengja á hana sjúklinga á herðatrjám. Þessi ráðstöfun myndi henta einkar vel þeim meðvitundarlausu af því að þeim er oftast alveg sama hvar þeim er komið fyrir til skamms tíma. Ásmundur gæti meira að segja gengið fram fyrir skjöldu og boðist til þess að láta hengja sig þar upp yfir helgi til þess prófa kerfið.**

minnar svaraði hann því til að hann gerði sér grein fyrir því. Það sjúkrahús þar sem gjörgæslulæknir sér sig knúinn til þess að vísa út í regnvota haustnóttina sjúklingi með blóðþrýsting sem hefur fallið niður úr öllu valdi, er hættur að mynda þvag og er með skerta meðvitund, er í algjöru rusli og ætti ekki að hafa starfsleyfi að óbreyttu ástandi, nema af þeirri ástæðu einni að það er enginn annar slíkur á Íslandi.

Ástandið á Spítalanum var skelfilegt þessa nótt, það er enn skelfilegt og verður áfram um hríð ef Alþingi Íslendinga rekur þann rýting í bak þjóðarinnar að samþykkja það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017 sem nú liggur fyrir. Það er með ólíkindum að sá möguleiki sé fyrir hendi nokkrum vikum eftir að kosningabaráttu lauk þar sem allir flokkar hétu því að mikið yrði lagt í endurreisn heilbrigðiskerfisins ef þeir kæmust til valda. En hann er klárlega fyrir hendi, sá möguleiki.

Það hefur aldrei verið ljósara en nú vegna þess að Alþingi er með sinn kanarífugl í námugöngunum sem sýnir okkur þegar loftið er orðið mettað af skít. Sá kanarífugl er Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í Suðurlandskjördæmi sem heldur því fram að stjórnendur Landspítalans leggi sjúklinga á ganga og í skúmaskot til þess að skemmta myndavélum og blaðamönnum. Hann stendur greinilega í þeirri trú að það sé fátt sem læknar Spítalans skirrist við að leggja á lasið og meitt fólk til þess að blekkja þjóðina til samúðar með heilbrigðiskerfinu. Í hans huga er nægt pláss á Spítalanum.

Hver veit nema hann sjái eitthvað sem stjórnendur Spítalans gera ekki, til dæmis tækifærið sem kústaskápurinn á tengiganginum býður upp á. Það er nefnilega þannig mál með vexti að þótt ekki sé hægt að koma þar fyrir sjúkrarúmum má setja upp slá í um það bil tveggja metra hæð og hengja á hana sjúklinga á herðatrjám. Þessi ráðstöfun myndi henta einkar vel þeim meðvitundarlausu af því að þeim er oftast alveg sama hvar þeim er komið fyrir til skamms tíma. Ásmundur gæti meira að segja gengið fram fyrir skjöldu og boðist til þess að láta hengja sig þar upp yfir helgi til þess prófa kerfið.

Sá möguleiki er fyrir hendi að þegar hann kæmi út úr skápnum að lokinni helginni myndi hann loksins gera sér grein fyrir því að hans framlag til umræðunnar er best, skýrast og skynsamlegast þegar hann þegir þunnu hljóði, mannvits-brekkan.

En Ásmundur er harla lítill partur af vandanum. Hans orð eru bara bergmál af því sem er sagt út um allt á Alþingi Íslendinga. Fyrir kosningar sögðu frambjóðendur upp til hópa að þeir væru sammála þeirri skoðun meiri hluta þjóðarinnar að heilbrigðiskerfið væri laskað og þarfnaðist myndarlegrar endurreisnar. Nú virðist meiri hluti þeirra sem hlutu kosningu vera kominn á þá skoðun að þjóðin sé að ýkja vandann. Hvað eigum við eiginlega að gera við þetta fólk sem er greinilega ekki lengur fulltrúar fólksins sem kaus það?

# Enn um hæfi dómara



**Haukur Örn Birgisson**
hæstaréttarlögmaður

Í Morgunblaðinu 17. desember sl. birtist grein eftir þau Kristínu Benediktsdóttur, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Stefán Má Stefánsson, prófessor við sömu deild, undir yfirskriftinni „Hugleiðingar um hæfi dómara“. Segir í upphafi greinarinnar að umfjöllun síðustu vikna um hæfi dómara hafi farið fram „án þess að gerð hafi verið nægjanleg grein fyrir þeim reglum sem gilda um það og tilgang þeirra“ og þar sem slíkt „getur leitt til misskilnings og rangrar umfjöllunar [sé] nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim reglum sem gilda um hæfi dómara hér á landi“. Hefst svo umfjöllun þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að „misskilningur“ og „röng umfjöllun“ eigi sér stað. Þrátt fyrir þessi fyrirheit er ekki laust við að ákveðins misskilnings gæti hjá höfundum sjálfum.

Efni greinar þeirra Kristínar og Stefáns má flokka í tvennt. Í *fyrri hlutanum* er vikið að þeim lagareglum sem gilda um hæfi dómara almennt og fjallað um hagsmunaskráningu dómara samkvæmt lögum. Ekki er sérstök ástæða til að gera athugasemdir við þá almennu umfjöllun. Í *síðari hluta* greinarinnar eru hugleiðingar um það hvenær dómari eigi að víkja sæti í máli. Sett eru fram nokkur dæmi um það hvenær dómari telst vanhæfur og hvenær ekki. Rétt er að víkja að þessum hluta greinar þeirra Kristínar og Stefáns.

Þó það sé ekki orðað í greininni er augljóslega höfð í huga sú aðstaða sem uppi er í málum nokkurra hæstaréttardómara sem töldu sig ekki van-

**Meginatriðið er að sá sem á hlut í öðrum málsaðila er að meginstefnu vanhæfur svo sem meðal annars hefur komið fram í máli formanns Dómarafélags Íslands. Við mat á vanhæfi verður að líta til þess hvort hlutlægt séð megi draga hæfi dómarans í efa. Enginn vafi er á að draga má hæfi dómara í efa sem á milljóna hlut í öðrum málsaðila dómsmáls.**

hæfa til að dæma í málum fyrrum stjórnenda fallinna banka þó þeir hafi verið hluthafar eða átt eignir með óbeinum hætti í bönkunum og tapað fjármunum við fall þeirra. Í grein þeirra segir m.a. að „veiti eignarhald dómara í félagi honum sérstök réttindi lögum samkvæmt, t.d. 10% eignarhlutur, væri honum rétt að víkja sæti í máli þar sem félagið er aðili. Dómari er hins vegar almennt ekki vanhæfur í máli almenningshlutafélags sem hann á 0,1% eignarhlut í“. Hér virðist eitthvað málum blandið. Það eru vitaskuld ekki hagsmunir dómara í hlutfalli við hagsmuni annarra hluthafa sem máli skipta þegar hæfi dómarans er metið.

Það sem ræður eru einfaldlega hagsmunir sem dómarinn á sjálfur, óháð því hvaða hagsmuni aðrir hluthafar kunna að eiga í félaginu. Dómari sem á milljóna króna hagsmuni í hlutafélagi, svo sem dæmi virðast hafa verið um, er alveg jafn vanhæfur hvort sem þeir hagsmunir telji 0,1% eða annað hlutfall í heildarhlutafé viðkomandi hlutafélags.

Taka má dæmi. Ef banki er á hlutabréfamarkaði að 50 milljarða virði (hlutabréfaverðmæti hinna föllnu banka var margfalt það á árinu 2006 svo dæmi sé tekið) og dómari á 0,1% í bankanum er verðmæti þess hlutar 50 milljónir króna. Samkvæmt nálgun Kristínar og Stefáns er dómari sem á 0,1% hlut að verðmæti 50 milljóna almennt ekki vanhæfur til að dæma um málefni bankans þó hagsmunir hans séu margföld árslaun hans sem dómari. Við blasir að slík nálgun fær ekki staðist. Meginatriðið er að sá sem á hlut í öðrum málsaðila er að meginstefnu vanhæfur svo sem meðal annars hefur komið fram í máli formanns Dómarafélags Íslands. Við mat á vanhæfi verður að líta til þess hvort hlutlægt séð megi draga hæfi dómarans í efa. Enginn vafi er á að draga má hæfi dómara í efa sem á milljóna hlut í öðrum málsaðila dómsmáls.




netto
Opið til
kl. 23
í kvöld
netto 24
Opið allan sólarhringinn í Mjódd og Granda
www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



**20 ára** **Þriðja skiptið**

**Aníta Hinriksdóttir, frjálsíþróttir**
Komst í úrslit í 800 metra hlaupi á bæði HM innanhúss (5. sæti) og EM (8.).



**27 ára** **Annað skiptið**

**Aron Einar Gunnarsson, knattspyrna**
Fór fyrir íslenska landsliðinu sem komst í átta liða úrslit á EM í Frakklandi.



**26 ára** **Sjötta skiptið**

**Aron Pálmarsson, handbolti**
Var valinn besti leikmaðurinn á úrslitahelgi Meistaradeildarinnar.



**21 árs** **Þriðja skiptið**

**Eygló Ósk Gústafsdóttir, sund**
Komst í úrslit í 200 metra baksundi á Ólympíuleikunum í Ríó (8. sæti).



**27 ára** **Sjötta skiptið**

**Gylfi Þór Sigurðsson, knattspyrna**
Skoraði 14 mörk í ensku úrvalsdeildinni og komst í 8 liða úrslit með Íslandi á EM.

# Enginn yfir þrítugu í fyrsta sinn í 33 ár

**Samtök íþróttafréttamanna hafa gefið út hvaða tíu íþróttamenn höfnuðu í fyrstu tíu sætunum í kjörinu á Íþróttamanni ársins 2016. Gylfi Þór Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson eiga enn þrjú ár í þrítugsafmælið en eru samt elstu menn á topp tíu listanum í ár.**

**ÍÞRÓTTAÁRIÐ 2016** Íþróttamaður ársins verður útnefndur í 61. sinn í Hörpu 29. desember næstkomandi en 24 meðlimir Samtaka íþróttafréttamanna hafa greitt atkvæði og nú er komið í ljós hvaða íþróttafólk hafnaði í tíu efstu sætunum.

Þriðja árið í röð er fullkomið jafnvægi á milli karla og kvenna á listanum, fimm af hvoru kyni fá þann heiður að vera meðal tíu besta íþróttafólks Íslands á þessu ári.

Það sem vekur þó mesta athygli er að listinn er eingöngu skipaður íþróttafólki sem er 27 ára og yngra. Sex af tíu á listanum eru 25 ára eða yngri.

**Gerðist síðast 1983**
Það eru liðin 33 ár síðan enginn á topp tíu listanum var búinn að halda upp á þrítugsafmælið en það gerðist síðasta árið 1983. Þrír á listanum í fyrra voru komnir yfir þrítugt og fjórir voru komnir á fertugsaldurinn á listanum árið 2013.

Þetta gerir það að verkum að meðalaldur tíu bestu íþróttamanna þjóðarinnar á árinu 2016 er aðeins 24,1 ár sem gerir þetta að yngsta topp tíu listanum í þrjá áratugi (23,9 árið 1986).

Eygló Ósk Gústafsdóttir, ríkjandi Íþróttamaður ársins, er ein af þremur á listanum sem hafa hlotið útnefninguna en hinir eru knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson (2013) og handboltamaðurinn Aron Pálmarsson (2012).

**Sex líka á listanum í fyrra**
Eygló Ósk og Gylfi eru í hópi sex sem voru líka á listanum í fyrra en hin eru sundkonan Hrafnhildur Lúthersdóttir, knattspyrnufólkið Aron Einar Gunnarsson og Sara Björk Gunnarsdóttir og svo frjálsíþróttakonan Aníta Hinriksdóttir.

Þrjú eru á topp tíu listanum í fyrsta sinn en það eru kylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, körfuboltamaðurinn Martin Hermannsson og kraftlyftingamaðurinn Júlían J. K. Jóhannsson.

Reynsluboltar listans í ár eru Gylfi Þór Sigurðsson og Aron Pálmarsson sem eru á listanum í sjötta sinn. Gylfi er nú á topp tíu listanum fimmta árið í röð. Sara Björk Gunnarsdóttir er nú tilnefnd í fimmta skiptið og er orðin sú knattspyrnukona sem oftast hefur verið á topp tíu listanum en Hrafnhildur Lúthersdóttir jafnar met sundkvenna með því að komast á listann í fjórða sinn.

**Besta lið og besti þjálfari**
Auk þess að kjósa Íþróttamann ársins kusu meðlimir Samtaka íþróttafréttamanna einnig lið ársins og þjálfara ársins en þetta er í fjórða sinn sem þessi verðlaun eru veitt. Liðin þrjú sem eru tilnefnd eru knattspyrnulandslið karla, körfuknattleikslandslið karla og knattspyrnulandslið kvenna.

Þjálfarnir þrír sem keppa um titilinn í ár eru Dagur Sigurðsson, Guðmundur Guðmundsson og Heimir Hallgrímsson.

Kjörinu á Íþróttamanni ársins 2016 verður lýst í hófi í Hörpu þann 29. desember en kjörið verður í beinni útsendingu á RÚV.

**ooj@frettabladid.is**

**Lægsti meðalaldur topp tíu listans síðustu 30 ár:**

1986 - 23,9
2016 - 24,1
1998 - 24,2
2010 - 24,9
2000 - 25,2



**Fæstir undir þrítugu á topp tíu listanum síðustu 40 ár:**

**Enginn:** 1982, 1983 og 2016
**Einn:** 1978, 1981, 1984, 1985, 1986, 1998, 2000 og 2005.
**Tveir:** 1976, 1977, 1987, 1993, 2001, 2002, 2007, 2010, 2011, 2012 og 2014.



**25 ára** **Fjórða skiptið**

**Hrafnhildur Lúthersdóttir, sund**
Vann þrenn verðlaun á EM í 50 metra laug og komst í úrslit á ÓL í Ríó (6.).



**23 ára** **Fyrsta skiptið**

**Júlían J. K. Jóhannsson, kraftlyftingar**
Heimsmeistari í réttstöðulyftu og í fimmta sæti í samanlögðu á HM.



**22 ára** **Fyrsta skiptið**

**Martin Hermannsson, körfubolti**
Algjör lykilmaður í íslenska körfuboltalandsliðinu sem vann sér sæti á EM.



**24 ára** **Fyrsta skiptið**

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, golf**
Vann sér sæti á LPGA-atvinnumótaröðinni í Bandaríkjunum fyrst Íslendinga.



**26 ára** **Fimmta skiptið**

**Sara Björk Gunnarsdóttir, knattspyrna**
Samdi við eitt besta félag heims og var lykilmaður í landsliðinu sem komst á EM.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
23. DESEMBER 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll



# HIÐ FRAMANDI ER SPENNANDI OG MÖGULEGT

**Védís Ólafsdóttir** hefur starfað og stundað nám í átta löndum um ævina þrátt fyrir ungan aldur og ferðast um fjölmörg önnur. Hún hefur kennt krökkum klifur í Kína, unnið hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Malaví og ferðast vítt og breitt um Ísland. Í dag býr Védís í Jórdaníu en hún líkir ástandinu í landinu við logn miðað við storminn sem geisar í löndunum í kring.

MYND/HILLARY EGGERS

MYCONCEPTSTORE
FALLEGAR JÓLAGJAFIR


Rains regnfatnaður
Verð frá 12.800,-


Loftbelgir
Verð frá 4.900,-



Úrval
af
ljósmyndabókum


Plötuspilari
Verð frá 29.900,-


Úr frá
Verð frá 16.900,-


Skartgripir í
miklu úrvali


Rains Töskur
Verð frá 12.900,-

MYCONCEPTSTORE
Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



„Það er ótrúlega fínt að búa í Jórdaníu. Ég hef aldrei átt jafn auðvelda lendingu í neinu landi og það var mjög vel tekið á móti mér. Fólk er elskulegt og á meðan klassíski frasi Íslendingsins er „how do you like Iceland?“ þá er klassíski frasinn hér „ahlan wa sahlan“ sem þýðir velkomin,“ segir Védís Ólafsdóttir þegar hún er spurð um hvernig það sé að búa í Jórdaníu.

Védís ólst upp í Selásnum í Reykjavík eða á borgarmörkunum eins og hún segir sjálf. Hún eyddi flestum sumrum annaðhvort úti í leikjum með krökkunum í götunni eða á flakki um landið með foreldum sínum og tveimur systrum í troðfullum bíl með tjald. Fjölskyldan ferðaðist ekki til útlanda í sumarfríum heldur valdi frekar að búa í eitt ár og síðar hálft ár í Bandaríkjunum og Kanada 1989 og 1997. Védís segist því ung hafa fengið tækifæri til að fá hugmynd um stærð heimsins og að hið framandi sé spennandi og mögulegt. „Ég gat ekki beðið eftir að fara í skiptinám í menntaskóla, og eftir eina önn í MH fór ég til Kosta Ríka í eitt ár. Þar bjó ég í litlum bæ uppi í fjalli með yndislegri fjölskyldu og vinum, sem ég hef heimsótt þrisvar síðan. Á meðan ég bjó þar ferðaðist ég bæði til Gvatemala, Níkaragva og svo ári seinna heimsótti ég tvíburasystur mína í Perú.“



Védís er heilluð af fjallamennsku. Hér er hún við suðurtind Hrútsfjallstinda. MYND/ KÁRI HREINSSON

### SMITUÐ AF FJALLABAKTERÍUNNI

Útþrá Védísar lét aftur á sér kræla þegar hún hafði lokið menntaskóla en hún ákvað þó að flytja ekki mjög langt í það skiptið, heldur fór í nám í Danmörku til að læra alþjóðahagfræði og stjórnmálafræði í Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. „Ég hafði ferðast dálítið með MH-kórnum og haustið 2007 fórum við til Kína. Ég varð forvitin um þessa stóru þjóð, næststærsta hagkerfi heims. Ég var að læra alþjóðlega hagfræði og stjórnmálafræði en vissi ekkert um Kína. Ég fór því í skiptinám til Peking ári síðar og var einmitt þar þegar allt hrundi á Íslandi og ákvað í kjölfarið að það væri ekki alveg vit í að vera áfram í Danmörku, reikningsdæmið hafði gjörbreyst. Sumarið eftir fór ég því heim til Íslands og hóf meistaranám í þjóðfræði í HÍ,“ útskýrir Védís.

Þegar heim var komið langaði Védísi að gera eitthvað sem hún gæti ekki gert í Danmörku og skráði hún sig í Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík. Í kjölfarið fékk hún útivistar- og fjalladellu. „Foreldrum mínum, líffræðingunum, hafði greinilega tekist að sá nokkrum fræjum á ferðalögum okkar um Ísland þegar ég var krakki, en undraveröld Íslands að vetri til bættist við, svo og fjallamennskan og klifrið. Ég byrjaði að vinna fyrir Íslenska fjallaleiðsögumenn og í kjölfarið fór ég að príla fjöll, kletta, jökla og fossa í öllum mínum frítíma.“

Eftir mastersnámið langaði Védísi að taka sér frí og þá leitaði hugurinn aftur til Kína. „Þar starfaði ég í alþjóðlegu umhverfi og skipulagði ferðir fyrir börn og unglinga alls staðar frá sem búsett voru í Kína. Ég átti frábært ár 2013 þar sem ég klifraði brött fjöll Kína á milli þess sem ég kenndi krökkum klifur, sig eða hjólaði um bæinn þar sem ég bjó, Yangshou. Haustið 2015 fór ég svo sem starfsnemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til Malaví þar sem ég kynntist í fyrsta skipti landi í Afríku. Það var ómetanlegt tækifæri og mjög einstakt,“ lýsir Védís brosandi.



Védís býr í Amman í Jórdaníu. Hún segir hana vera afar sjarmerandi borg.



Haustið 2015 fór Védís sem starfsnemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til Malaví þar sem hún kynntist í fyrsta skipti landi í Afríku. Það var ómetanlegt tækifæri og mjög einstakt að hennar sögn.

### FRIÐSÆLL HVERSDAGUR

Nú í sumar flutti Védís til Jórdaníu með íslensku friðargæslunni til að vinna hjá UNRWA, flóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínubúa. „Jórdanía er nokkuð frjálslegt land og afsannar margar hugmyndir fólks um Miðausturlönd. Jórdanía er frábær staður fyrir mig að búa á, ég fæ tækifæri til að vinna í krefjandi umhverfi sem mig hefur alltaf dreymt um og á sama tíma hef ég aðgengi að klettaklifri, gljúfraferðum og annarri útivist. Amman er mjög sjarmerandi borg þar sem hún er byggð á hæðum og húsin byggð upp brattar hlíðar. Það er jafnvel fjögurra hæða munur að framan og aftan á einu húsi. Almenningssamgöngur um borgina eru ekki góðar og það getur verið gríðarleg umferð. Það er synd að mollin hafa dálítið tekið yfir borgina og mannlífið finnst helst í þeim að kvöldi til. Hverfið sem ég bý í er þó frekar líflegt og fólk á kaffihúsum og veitingastöðum fram eftir. Þrátt fyrir þurrt og heitt loftslag stærstan hluta ársins, getur orðið mjög kalt. Yfirleitt er öllu lokað ef það er snjór og hálka – já, það snjóar í Jórdaníu, enda kæmust engir bílar upp og niður brattar brekkurnar á sumardekkjunum,“ segir hún í léttum dúr.

Jórdanía á landamæri að Ísrael og Palestínu, Sýrlandi, Írak og Sádi-Arabíu. Því er ekki að undra að fólk velti fyrir sér hvernig ástandið í landinu sé en Védís segir að það sé erfitt að ímynda sér að örfáum kílómetrum frá því sem hún býr sé það ástand sem lesa megi um í fréttum. „Í Jórdaníu hefur verið ákveðið logn í storminum sem geisar í kring. Það eru atvik sem fréttir berast af alla leið til Íslands, til dæmis umsátur og gíslataka nú í vikunni, en þau gerast einnig í Evrópu. Hversdagurinn er friðsæll og lífið hefur sinn gang. Ófriðurinn hefur auðvitað áhrif á Jórdaníu. Landið er mikið ferðamannaland, en það má nefna fornu borgina Petru, rómverskar rústir um allt og hafnarborgina Aqaba við Rauðahafið, þar sem er mikið af kóralrifum og marglitum fiskum. Í kjölfar stríðsins í Sýrlandi hefur straumur ferðamanna til Jórdaníu minnkað mikið, nánast horfið. Í Petru, þar sem áður biðu þúsundir ferðamanna í röðum til að komast inn, koma nokkur hundruð í dag. Mikill straumur flóttamanna til landsins hefur einnig áhrif á atvinnumöguleika. Erlendir íbúar, sem koma lengra að en frá nágrannalöndunum, starfa margir með hjálparsamtökum eða Sameinuðu þjóðunum, en mörg hjálparsamstök hafa höfuðstöðvar sínar í Amman, sérstaklega fyrir Sýrland og Jemen. Það er athyglisvert að í manntali Jórdaníu í fyrra var tæplega þriðjungur af 9,5 milljónum landsmanna ekki með jórdanskt ríkisfang.“

### ÚTÞRÁIN SPROTTIN AF FORVITNI

Þegar Védís er beðin um að útskýra hvers vegna hún sé haldin þessari miklu útþrá segir hún hana komna af forvitni um að þekkja meira en fallega, litla Ísland. „Veröldin breytist við það að búa erlendis og tækifærið til að búa svo ung úti gerði bæði tungumál og líf á framandi stöðum svo viðráðanlegt. Ég fylgdist alltaf með erlendum fréttum og langaði alltaf að kunna mikið af tungumálum. Fyrir nokkru var ég einmitt að spjalla við mann frá gömlu Júgóslavíu og minntist á það við hann að ég myndi vel eftir Bosníustríðinu. Við spjölluðum aðeins um það áður en ég áttaði mig á að ég var bara sex ára þegar það var.“

Við þessa lesningu um Védísi myndu eflaust margir lýsa henni sem ævintýragjarnri en hún er ekki alveg tilbúin að samþykkja það, segir það fara eftir því hvernig ævintýragirni er skilgreind. „Ég er til dæmis algjör kveif í ýmsu hversdagslegu en ef ævintýragirni felst í því að vita ekkert hvar ég verð eftir fjóra mánuði þá er ég ævintýragjörn. Ég fór til Jerúsalem um helgina og hugsaði með mér að mér hefði aldrei dottið í hug að ég yrði á flakki á milli Jórdaníu og Palestínu/Ísraels fyrir ári þegar ég bjó og þvældist um Malaví. Lífið er svo ótrúlega magnað og skemmtilegt.“

### JÓLIN HEIMA

Védís kemur til Íslands í dag til að vera með fjölskyldu sinni, systrum sínum tveimur, bróður og foreldrum um jólin en þetta verður í fyrsta skipti í mörg ár sem systkinin verða öll saman um jólin. „Mamma mín er mikið jólabarn og þegar ég er á leið til útlanda á nýjan stað spyr hún yfirleitt fyrst hvort ég komi ekki heim um jólin. Ég ákvað fyrir ekki svo löngu að svo lengi sem ég verð ekki með meira en sjálfa mig að bera, þá reyni ég að koma heim um jólin,“ segir Védís og bætir við að það séu bara þrenn jól sem hún hafi ekki verið heima. „Fyrst var ég með fjölskyldunni í Bandaríkjunum. Í annað skiptið var ég í Kosta Ríka sem skiptinemi. Þar skiptir 24. desember litlu máli og klukkan sex á aðfangadag, þegar mér fannst að það ætti nú að vera eitthvað að gerast, var enginn kominn heim, svo ég fór bara út að hlaupa. Í þriðja skiptið var ég í Kína í skiptinámi. Ég og íslenskur vinur minn ákváðum þá að hittast á aðfangadag og fara í IKEA, eina jólalega staðinn í Peking.“

Það er mikið af jólahefðum í fjölskyldu Védísar í sambandi við mat og tímasetningar. Hún segist lengi hafa verið í mótþróa gegn hefðunum og enn eimi dálítið eftir af honum. „Ég er kannski loksins aðeins að þroskast, og er farin að njóta hefðanna meira. Við systurnar höfum þó haldið jólapartí síðustu ár, sem mér finnst núna ómissandi hluti af hátíðunum,“ segir Védís full tilhlökkunar.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** **365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


Farmers Market
ICELAND
FARMERS & FRIENDS, VERZLUN - HÓLMASLÓÐ 2 - GRANDI - 101 REYKJAVÍK - S 552 1960
WWW.FARMERSMARKET.IS

# ÍSLENSK JÓLAHÖNNUN

Íslenskir hönnuðir eru margir hverjir með sérstaka jólalínu. Hér má sjá lítið brot af úrvalinu fyrir þessi jól.



Postulínsjólatrén frá Postulínu eru handrennd sem þýðir að engin tvö eru nákvæmlega eins, rétt eins og trén í náttúrunni. Þegar þeim er raðað saman minna þau á friðsælan skóg á fallegum vetrardegi. Trén fást í Epal og á verkstæði Postulínu í Mávahlíð 16.



Björgvin Þorvarðarson, smiður úr Stykkishólmi, hannaði Jólatré til þess að endurlífga minninguna um hið handsmíðaða jólatré. Sagan segir að íslenskar fjölskyldur, um aldamótin 1900, hafi smíðað heima jólatré þar sem einu grenitrén sem í boði voru á þeim tíma voru innflutt og sjaldgæfur munaður. Þetta tré, sem upphaflega var smíðað til þess að gleðja fjölskyldu Björgvins, fæst á jolatre.is og er hægt að nota ár eftir ár.



Svörtu trén frá Postulínu bera nafnið Svartiskógur. Þau voru gerð í samstarfi við Norr11 og eru eingöngu seld þar.



Stjaki frá HAF Stúdíó er einfaldur og margnota kertastjaki. Hann er hannaður fyrir bæði venjuleg kerti og sprittkerti. Hann er hugsaður fyrir öll tilefni og gaman að skreyta hann eftir árstíðum. Hann er til dæmis fyrirtaks aðventustjaki. Stjakinn er gerður úr pólýhúðuðu stáli. Hönnun og öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Stjakinn fæst í Epal og Rammagerðinni.
MYND/GUNNAR SVERRISSON



Winter Stories Fox og Winter Stories Polar Bear kertastjakarnir eru frá Finnsdóttir. Sömuleiðis Four elements kertastjakinn sem margir nota sem aðventustjaka. Hann fæst í svörtu, hvítu og gráu. Vörurnar fást í Snúrunni og Mýrinni.






Almanak
Háskóla Íslands 2017
Almanak
Þjóðvinafélagsins 2017
Flóðatöflur. Fást í helstu bókaverslunum um land allt
H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003


Fylgstu með á facebook –
Lindex Iceland
Love
Brjóstahaldari,
2795,–
Visit your Ultimate Gift Shop
LINDEX
we make fashion feel good



Ari syngur hér með Sissel Kyrkjebø í Eldborgarsal Hörpu og vakti mikla athygli gesta.

# SÖNG MEÐ SISSEL KYRKJEBØ

**Ari Ólafsson** er 18 ára nemandi á tónlistarbraut Menntaskólans í Hamrahlíð en jafnframt öflugur söngvari og vakti mikla athygli þegar hann söng með norsku stjörnunni Sissel Kyrkjebø í Eldborg.


Ari Ólafsson segir að stór draumur hafi ræst þegar hann söng í Eldborgarsal Hörpu á móti Sissel Kyrkjebø. MYND/EYÞÓR

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



> Að stíga á svið í Eldborg með Sissel er það stórkostlegasta sem ég hef gert. Hún er frábær manneskja og með æðislegt starfsfólk með sér. Svo getur hún sungið allt, klassík, djass, popp, soul og hvað sem er.
>
> Ari Ólafsson

Ari segir að það hafi verið stórkostleg upplifun að syngja með þessari frægu söngkonu en þetta var í annað skiptið sem hann steig á svið með henni. „Ég söng með Sissel þegar ég var þrettán ára. Þá vantaði unga sópranrödd. Ég fékk að fara í prufu og var valinn,“ segir Ari sem hefur sungið frá því hann man eftir sér. „Þetta byrjaði allt þegar ég lék Oliver Twist í Þjóðleikhúsinu árið 2009 en þá var ég ellefu ára. Ég vissi ekki að ég hefði söngrödd fyrr en ég lék það hlutverk,“ segir Ari sem hafði gengið með þann draum lengi að verða gamanleikari. „Svo fattaði ég að það hentaði ekki þar sem ég er ekkert fyndinn. Ég hélt mig þess vegna við að syngja og leika,“ segir hann brosandi. „Eftir Oliver Twist byrjaði ég í Söngskólanum í Reykjavík, fyrst hjá Garðari Cortes og síðan Bergþóri Pálssyni.“

Sissel þekkti Ara aftur þegar hún fékk senda hljóðupptöku með honum. En hvernig kom þetta til? „Ég sagði við pabba að Sissel væri að koma og það væri gaman að fá að syngja með henni aftur. Pabbi sagði Bergþóri, söngkennaranum mínum, frá þessari hugmynd sem síðan ræddi við Ísleif Þórhallsson hjá Senu sem tók mjög vel í þetta. Ísleifur bað um upptöku frá mér sem Sissel fékk og vildi gjarnan fá mig til að syngja. Þar með rættist draumur minn. Við sungum klassískt söngleikjalag sem nefnist The Prayer en Andrea Bocelli og Celine Dion hafa sungið þetta lag saman. Mér fannst ótrúlegt að fá að syngja með Sissel aftur og ég var í skýjunum allan tímann. Að stíga á svið í Eldborg með Sissel er það stórkostlegasta sem ég hef gert. Hún er frábær manneskja og með æðislegt starfsfólk með sér. Svo getur hún sungið allt, klassík, djass, popp, soul og hvað sem er,“ segir Ari og er himinlifandi með tónleikana sem fram fóru fyrr í þessum mánuði.

Ari er tenór sem hefur afskaplega gaman af allri tónlist. „Ég er alæta á tónlist, hlusta bæði á rapp og klassík og allt þar á milli. Svo er ég alltaf með tónlist í eyrunum hvort sem ég er að læra eða hjóla,“ segir hann. Ari hefur tekið þátt í söngvakeppni í MH tvisvar. Einnig hefur hann tekið þátt í Ísland Got Talent hjá Stöð 2 og fyrstu þáttaröðinni af The Voice. „Mér fannst æðislegt að taka þátt í þessu en þættirnir gefa manni gott tækifæri til að sýna sig og sanna. Ég hef ekki enn gert upp við mig hvort mig langar til að læra söngleikjatónlist, leiklist eða klassíska tónlist,“ segir Ari sem er nýbúinn að stofna hljómsveit með félögum sínum í MH. Þeir hafa samið nokkur lög sem eiga eftir að heyrast á næstunni. Ari og píanóleikari hljómsveitarinnar, Gabríel Ólafsson, hafa verið að syngja og spila á jólakvöldum félagasamtaka undanfarið. „Við syngjum klassísk jólalög, Bing Crosby, Frank Sinatra, Jackson Five og fleiri.“ Ari stefnir á framhaldsnám í New York eða London þegar menntaskóla lýkur. Fyrst koma jólin og þá verða notalegheitin í fyrirrúmi. Ari segir að mikið sé sungið á heimilinu og fjölskyldan söngelsk. „Ég er frændi Páls Óskars og Diddúar,“ segir hann. „Amma mín og pabbi þeirra voru systkini. Það má því segja að tónlistin sé í ættinni,“ segir Ari enn fremur og viðurkennir að hann sé mikið jólabarn. „Ég byrja að syngja jólalögin í október.“




HEILSA

**Föstudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.**
Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu.

Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.

**Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum.**
**Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.**

**Skilafrestur. Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember.**
**Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi þriðjudaginn 27. desember.**

**Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Jón Ívar Vilhelmsson** | **Jóhann Waage** | **Atli Bergmann** | **Ólafur H. Hákonarson** |
| **Sími 512 5429** | **Sími 512 5439** | **Sími 512 5457** | **Sími 512 5433** |
| **jonivar@365.is** | **johannwaage@365.is** | **atlib@365.is** | **olafurh@365.is** |

VIÐ LÆKKUM VERÐIN Á CANADA GOOSE
VEGNA GÓÐS GENGIS!

CANADA GOOSE®
ARCTIC PROGRAM

Sportís ehf hefur verið viðurkenndur söluaðili
Canada Goose síðan árið 1996.
Verið velkomin til okkar í Mörkina 6!

SPORTÍS

MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS
OPIÐ: 10-18 MÁN.-FÖS. - 12-16 LAUGARDAGA


Hreindýra-carpaccio er ljúffengur forréttur.


Upplagt er að nota afganginn af hreindýrinu ofan á bruschettu.

# ÍSLENSKT HREINDÝR Á VEISLUBORÐIÐ

Íslenska hreindýrið er ein af okkar bestu afurðum og sannkallaður veislumatur. Hægt er að matreiða hreindýr á margan hátt og alltaf er það jafn gott. Þeir sem ætla að elda hreindýr um jól eða áramót fá hér nokkrar uppástungur um matreiðslu. Leyfið hugmyndafluginu að ráða.




Hreindýr er villibráð og best að láta bragðið halda sér. Engin ástæða er til að hrúga meðlæti með þessu góða kjöti en góð sósa er algjör nauðsyn. Hér er hreindýrið borið fram með portvínssósu. Uppskriftin miðast við fjóra.

**800 g ytrafille af hreindýri**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**Smjör til steikingar**

**Meðlæti**

**4 rauðrófur**
**4 næpur**
**3 msk. ólífuolía**
**½ tsk. salt**
**½ tsk. pipar**

**Portvínssósa**

**3 skalottlaukar**
**1 tsk. púðursykur**
**2 dl portvín**
**2 l villibráðarkraftssoð**
**2 msk. smjör**

1) Skrælið rauðrófur og næpur og skerið í báta. Veltið upp úr olíu og leggið bátana í eldfast mót sem klætt hefur verið með bökunarpappír. Bragðbætið með salti og pipar. Bakið við 200°C í 30 mínútur.

2) Þá er sósan útbúin. Skerið laukinn mjög smátt og steikið hann í smjöri. Þegar laukurinn byrjar að taka lit er sykurinn settur yfir. Hellið því næst portvíninu yfir og látið sjóða niður um helming. Bætið soðinu saman við og sjóðið áfram. Jafnið sósuna með maízenamjöli og bragðbætið með salti og pipar. Í lokin er köldu smjöri hrært saman við sósuna.

3) Hreinsið alla himnu af kjötinu. Kryddið með salti og pipar. Brúnið kjötið á báðum hliðum í smjöri.

4) Hitið ofninn í 125°C. Leggið kjötið í eldfast form og setjið kjöthitamæli í það. Steikið í 20 mínútur í ofni. Ef kjötið á að vera lítið steikt á mælirinn að sýna 53-55°C. Ef það á að vera miðlungssteikt á mælirinn að sýna 60°C en ef það á að vera aðeins meira en miðlungs sýnir mælirinn 65-70°C. Gegnumsteikt kjöt er 76°C en hins vegar má benda á að hreindýr er best miðlungs eða lítið steikt. Kjötið þarf að hvíla í 15 mínútur áður en það er skorið niður.

5) Berið kjötið fram með grænmetinu, soðnum eða sykurbrúnuðum kartöflum og portvínssósunni.

**Öðruvísi meðlæti**

Það getur verið sniðugt að skipta út kartöflum og hafa í staðinn blómkálsmauk. Það er mjög gott og passar vel fyrir þá sem vilja ekki kolvetni.

**1 blómkálshöfuð**
**6 dl rjómi**
**5 msk. sykur**
**1 tsk. salt**
**1 tsk. pipar**
**2 msk. sítrónusafi**

Skiptið blómkálinu niður í grófa hluta og setjið í pott og hellið rjómanum yfir. Sjóðið þar til blómkálið verður mjúkt. Veiðið blómkálið upp úr rjómanum og maukið í matvinnsluvél eða með töfrasprota. Bætið smávegis rjóma saman við ef þarf. Setjið sykur á pönnu og látið bráðna. Setjið út í blómkálsmaukið og hrærið vel saman. Bragðbætið með salti og pipar.


Hreindýr er sannkallaður hátíðarmatur.

**Bruschetta með hreindýri**

Ef afgangur er af hreindýri er hér hugmynd að léttum rétti. Það eru litlar bruschettur með rjómaosti og hreindýrakjöti.

Skerið snittubrauð í sneiðar og steikið hverja og eina upp úr olíu á pönnu, á báðum hliðum. Brauðið er smurt með góðum rjómaosti, til dæmis með kryddjurtum.

Þunnar sneiðar af hreindýrakjöti eru lagðar ofan á ostinn og týtuberjasulta sett á toppinn. Mjög góður forréttur.

**Hreindýra-carpaccio**

Hreindýrafille er hægt að nota í hinn vinsæla ítalska forrétt carpaccio. Þá er kjötið borðað hrátt. Kjötið er skorið í örþunnar sneiðar sem lagðar eru á disk með fersku klettasalati, mjög góðri ólífuolíu og nýmöluðum pipar.

Hreinsið kjötið vel og vefjið því í plastfilmu. Mótið kjötið í rúllu með filmunni. Setjið kjötið í frysti yfir nótt. Daginn eftir er kjötið látið jafna sig í 15 mínútur í kæliskáp áður en það er skorið í örþunnar sneiðar með beittum og góðum hnífi. Leggið sneiðarnar fallega á disk. Dreifið góðri ólífuolíu yfir, nýmöluðum pipar og síðan er klettasalat sett í miðju disksins.


Jólin
snakkast
vel í ár!
ENNEMM / SÍA / NM78567
Doritos
Lay's

## Komdu skikki á lífið

Þarftu að koma betra skipulagi á líf þitt? Hér eru nokkrar leiðir til þess.

1. Hentu eða gefðu hluti sem þú notar ekki.
2. Gerðu „to do“ lista með öllu sem þarf að framkvæma og fylgdu honum eftir.
3. Taktu allt út úr fataskápnum þínum, grisjaðu og raðaðu skipulega inn í hann á ný. Gerðu það sama við ísskápinn og aðra skápa heimilisins.
4. Settu skilrúm í skúffur og skápa. Þannig er auðveldara að flokka og finna smáhluti.
5. Vertu með eina draslskúffu á heimilinu í stað þess að dreifa smáhlutum um allt hús. Taktu svo reglulega til í henni og grisjaðu.
6. Ef margir búa saman er gott að skilgreina hlutverk hvers og eins og skipta með sér húsverkum.
7. Safnaðu saman lausum blöðum og minningum sem þú vilt eiga og settu í möppur.
8. Vertu með sérstaka krukku fyrir klink.





## Glögg í glasi

Sjóðheitt glögg í glæru glasi er fallegt að bera fyrir gesti á aðventunni. Eftirfarandi uppskrift er fengin úr smiðju Inu Garten, sjónvarpskokks á Foodnetwork.

**4 bollar epla-cider**
**1 flaska (750 ml) rauðvín**
**¼ bolli hunang**
**2 kanilstangir**
**1 appelsína, afhýdd og safinn pressaður úr**
**4 heilir negulnaglar**
**3 stjörnuanís**
**4 appelsínur, afhýddar til skrauts**

Blandið cider, víni, hunangi , kanilstöngum, berki og appelsínusafa, negulnöglum og anís í stóran pott. Setjið yfir miðlungshita og látið suðuna koma upp. Látið malla rólega á lágum hita í tíu mínútur. Hellið svo í könnur eða glær glös. Til skrauts er fallegt að afhýða appelsínur og stinga berkinum ofan í glösin.

**Uppskrift fengin frá Inu Garten af www.foodnetwork.com**



## BEÐIÐ EFTIR JÓLUNUM

Aðfangadagur er oft lengi að líða hjá yngstu kynslóðinni. Þó er hægt að gera ýmislegt til að stytta sér stundirnar utan þess að hjálpa til heima fyrir og fara út að leika í snjónum.

Það er hressandi og skemmtileg afþreying að kíkja í sund á aðfangadag og þannig er tíminn yfirleitt fljótur að líða. Sundlaugar landsins eru flestar með opið fyrir hádegi á aðfangadag, ýmist til kl. 12 eða 13, og þar er hægt að eyða góðum tíma við leik og afslöppun. Nánari upplýsingar um opnunartíma sundlauga má finna á www.sundlaug.is.

Margir kirkjur landsins bjóða upp á skemmtilega dagskrá fyrri hluta dags á aðfangadag sem stíluð er inn á yngri kynslóðina auk þess sem þær bjóða margar upp á sérstakar jólastundir og guðsþjónustur ætlaðar börnum. Nánari upplýsingar má finna á vef Þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is og á heimasíðum einstakra kirkna um land allt.




MYCONCEPTSTORE

FALLEGAR JÓLAGJAFIR




Plötuspilari
Verð frá 29.900,-



Rains regnfatnaður
Verð frá 12.800,-



Hnettir
Verð frá 5.900,-



Úr frá
Verð frá 16.900,-



Fallegar töskur frá Sandquist




Marshall hátalarar
Verð frá 39.900,-



Loftbelgir
Verð frá 4.900,-




Úrval
af
ljósmyndabókum



Loðkragar frá
14.900,-



Úr frá Briston
Verð frá 33.900,-



Skartgripir í miklu úrvali



Rains Töskur
Verð frá 12.900,-



Glerbox frá
Verð frá 5.900,-

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Snjómokstur

**SNJÓMOKSTUR**
Tökum að okkur snjómokstur fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.
www.facebook.com/gottverk
GOTT VERK EHF
S. 897 3057 • 770 7133

100bílar bílasala



Malt & Appelsín kippa og pakki af Mackintosh Quality Street fyrir þá sem skrá bílinn sinn á sölu hjá okkur í desember. Mikil sala- vantar bíla á skrá.



Lexus IS 200, 1/2004, ek 185 þús km, bsk, bensín, allt nýtt í bremsum, nýir gormar og legur, nýjar felgur og ný dekk, ásett verð 790 þús, er á staðnum, raðnr 118864.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Verslun




## HEILSA

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## HÚSNÆÐI

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is







### skötuveisla



## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Búrfellslundur, vindmyllur í Rangárþingi ytra og Skeiða– og Gnúpverjahreppi**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Landsvirkjunar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

### Auglýsing - Kerhamrar í landi Múla í Djúpavogshreppi - deiliskipulagstillaga

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 15. desember 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Kerhömrum í landi Múla, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið afmarkast af lóðarmörkum Kerhamra og nær yfir 3,24 ha. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að reisa 350 m2 gistihúsnæði innan lóðarinnar í samræmi við fyrirliggjandi skipulags- og byggingarskilmála.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi til kynningar í skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi frá 23. desember 2016 til 3. febrúar 2017. Einnig mun tillagan vera aðgengileg á heimasíðu Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is undir liðnum Aðalskipulag.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til sveitarstjóra Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á netfangið sveitarstjori@djupivogur.is, eigi síðar en 3. febrúar 2017. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykkur.

*Sveitarstjóri Djúpavogshrepps*

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

**Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

**Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

**Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

**Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

**Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

**Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

**Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

**Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## í jólapakkann

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Meðgöngudekur**



**JÓLAGJÖFIN SEM ALLAR ÓFRÍSKAR KONU EIGA SKILIÐ!**

Meðgöngunudd, höfuðbeina og spjaldhryggsjofnun, heilun og fótsnyrting m/lökkun á aðeins **15.500.-**

*Í gjöf færðu litun á augabrúnir.*

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is






MOUNT
HEKLA

FJÄLL RÄVEN

patagonia

POLER

101 REYKJAVÍK SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12 S. 578 - 6090




Valdís Þóra Jónsdóttir kom heim til Íslands í gær. Um 150 manns mættu í Golfskálann á Akranesi í gærkvöldi til að hylla Valdísi Þóru sem er nýbúin að tryggja sér sæti á Evrópumótaröðinni á næsta ári. MYND/GSÍ

# Ég þurfti aðeins að sanna mig

**Skagakonan Valdís Þóra Jónsdóttir náði þeim merka áfanga að verða aðeins fjórði kylfingurinn frá Íslandi sem kemst inn á Evrópumótaröðina í golfi. Hún hefur unnið mikið með íþróttasálfræðingi og segist ekki vera lakari kylfingur en Ólafía Þórunn Kristinsdóttir.**

GOLF Ársins 2016 verður minnst sem árs margra frábærra íþróttaafreka, ekki síst hjá íslenskum kvenkylfingum. Valdís Þóra Jónsdóttir krónaði frábært ár er hún tryggði sér annað sætið á lokaúrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Þar með er ljóst að hún mun keppa við marga af bestu kylfingum Evrópu og heimsins alls á sterkum mótum á næsta ári.

Valdís Þóra fetar þar með í fótspor Ólafíu Þórunnar Kristinsdóttur sem vann þetta sama afrek fyrir ári. Ólafía Þórunn mun reyndar ekki keppa á Evrópumótaröðinni á næsta ári þar sem hún komst í gegnum úrtökumótin fyrir bandarísku LPGA-mótaröðina, þá sterkustu í heimi.

Ekki leikur nokkur vafi á því að þarna er um að ræða tvo bestu kvenkylfinga Íslands. Er nærtækast að líta til árangurs þeirra á Íslandsmótinu í höggleik sem fór fram á Jaðarsvelli á Akureyri. Báðar bættu þær vallarmet og báðar voru með betra skor en Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmeistarinn í karlaflokki.

Ólafía Þórunn bar sigur úr býtum á mótinu með því að spila á ellefu höggum undir pari, tveimur betur en Valdís Þóra sem var í forystu fyrir lokahringinn. Þess ber að geta að næsti kylfingur var fjórtán höggum á eftir Valdísi Þóru – slíkir voru yfirburðirnir.

### Ná betri stjórn á tilfinningunum

Þetta var í fjórða sinn sem Valdís Þóra reyndi að komast á Evrópumótaröðina en spilamennska hennar um helgina gefur til kynna að hún hafi tekið miklum framförum og sé reiðubúin að ná enn lengra á nýju ári.

> Ég hef líka þroskast með árunum og það endurspeglast í minni spilamennsku.
>
> Valdís Þóra Jónsdóttir, afrekskylfingur

Hún varð fyrir því óláni í fyrra að veikjast skömmu fyrir mótið og það dró úr henni allan mátt að hennar sögn.

„Ég missti allan kraft þegar komið var fram á fjórða hring í fyrra. En þetta var allt annað og miklu betra núna, bæði líkamlega og andlega. Ég hef unnið mikið með íþróttasálfræðingi og það er að skila sér núna. Árið var ef til vill ekki frábært en það var fínt að enda það svona vel,“ segir hún.

Valdís Þóra segir að hún hafi viljað styrkja andlega þáttinn til að ná betri stjórn á tilfinningum sínum. „Ég vildi ekki fara of hátt þegar vel gengur og ekki of langt niður þegar illa gengur. Ég hef líka þroskast með árunum og það endurspeglast í minni spilamennsku.“

**Eftir að Valdís Þóra fékk tvo skolla í röð á öðrum hring spilaði hún síðustu 60 holur mótsins á 15 höggum undir pari (18 fuglar og 3 skollar).**

### Aldrei á jafn lágu skori

Eins og sjá má hér fyrir neðan var spilamennska Valdísar Þóru frábær á mótinu. Hún var fjóra hringi undir pari og þann fimmta á pari. „Ég hef aldrei verið á svona lágu skori áður og ég hef verið að sjá mikla lækkun í meðalskori yfir allt árið.“

Hún segir að næsta ár hafi verið algjörlega óráðið hjá sér, þegar enn var óljóst hvort hún kæmist á Evrópumótaröðina. „Ég var alls ekkert á því að fara að gefast upp. En það var minna stress á mér og ég kom hingað til að njóta þess að spila. Ég ætla að halda mínu striki á næsta ári og halda áfram að vinna í að bæta mig á öllum sviðum með þjálfurunum mínum. Þá hlýtur þetta allt saman að fara að smella.“




### Brjóta ísinn fyrir aðra

Hún segir að árangur Ólafíu Þórunnar á árinu hafi verið henni hvatning. Hún hafi viljað sýna að hún sé einnig fær um að ná langt á stóra sviðinu.

„Ég samgladdist henni mjög enda hefur hún náð algjörlega frábærum árangri. En ég þurfti aðeins að sanna mig og sýna að ég væri ekki mörgum gæðaflokkum fyrir neðan hana. Ég tel að ég sé jafn góð og hún og við séum tveir bestu kvenkylfingar landsins,“ segir hún. „Við erum nú að brjóta ísinn fyrir aðra íslenska kylfinga – sýna að þetta er hægt þrátt fyrir að við komum frá Íslandi.“

Þeir sem komast inn á Evrópumótaröðina í gegnum úrtökumót fá ekki sjálfkrafa keppnisrétt á öllum mótum. Það sýndi sig á þessu ári þegar Ólafía Þórunn komst aðeins inn á sex mót. Það gæti þó skipt máli að Valdís Þóra hafnaði í öðru sæti á úrtökumótinu því það setur hana ofarlega á biðlista fyrir mót.

„Ég stefndi á að vera á meðal fimmtán efstu fyrir mót en Hlynur Geir [Hjartarson, þjálfari Valdísar] hvatti mig til þess að stefna enn hærra – á topp tíu eða jafnvel topp fimm. Af hverju ætti ég ekki að gera það? Ég var reyndar ekkert að fylgjast með þessu á lokaholunum og sá ekki fyrr en ég var búin að ég hafði lent í öðru sæti.“

Og hvernig leið Valdísi Þóru þá?

„Bara vel. Það var bara fínt.“

eirikur@365.is

## Valdís Þóra á uppleið allt mótið í Marokkó

**Fyrsti hringur - 72 högg** (Par)
2 fuglar - 2 skollar
**Samanlagt:** Á pari
34. sæti

**Annar hringur - 71 högg** (-1)
4 fuglar - 3 skollar
**Samanlagt:** -1
25. sæti

**Þriðji hringur - 69 högg** (-3)
4 fuglar - 1 skolli
**Samanlagt:** -4
17. sæti

**Fjórði hringur - 65 högg** (-7)
8 fuglar - 1 skolli
**Samanlagt:** -11
4. sæti

**Fimmti hringur - 68 högg** (-4)
5 fuglar - 1 skolli
**Samanlagt:** -15
2. sæti

**Samanlagt**
345 högg (-15)
23 fuglar - 8 skollar

### PARDEW FÉKK SPARKIÐ



Enska úrvalsdeildarliðið Crystal Palace rak í gær Alan Pardew úr starfi knattspyrnustjóra. Crystal Palace hefur gengið skelfilega á tímabilinu og er aðeins einu stigi frá fallsæti eftir átta töp í síðustu 10 deildarleikjum. Sam Allardyce, fyrrverandi þjálfari enska landsliðsins, þykir líklegastur til að taka við stjórastarfinu hjá Crystal Palace.

### HÓLMAR TIL MACCABI HAIFA



Landsliðsmaðurinn Hólmar Örn Eyjólfsson hefur samið við ísraelska úrvalsdeildarliðið Maccabi Haifa. Hólmar kemur til liðsins frá Rosenborg í Noregi þar sem hann hefur leikið frá miðju sumri 2014. Hólmar varð tvöfaldur meistari með Rosenborg 2015 og 2016. Hann er annar Íslendingurinn sem spilar í Ísrael en Viðar Örn Kjartansson er á mála hjá Maccabi Tel Aviv.

### Í dag

00.30 Detroit - Golden State Sport



markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




LADDI
**4.199 KR**




AFLAUSN
**3.989 KR**




PABBI PRÓFESSOR
**2.879 KR**




ÞÍN EIGIN HROLLVEKJA
**2.879 KR**




NÓTTIN SEM ÖLLU BREYTTI
**4.199 KR**




ÚTKALL
KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI
**4.199 KR**




ELSKU DRAUMA MÍN
**4.499 KR**




HARRY POTTER
OG BÖLVUN BARNSINS
**3.574 KR**




HEIÐA Á LJÓTARSTÖÐUM
**4.549 KR**




PETSAMO
**4.199 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 23. - 24. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

## Merkisatburðir

**1193** Þorlákur Þórhallsson, biskup í Skálholti, deyr.
**1956** Richard Nixon, varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands og heimsækir Ásgeir Ásgeirsson forseta að Bessastöðum.
**1958** Ríkisstjórn Emils Jónssonar tekur við völdum og situr í ellefu mánuði. Allir fjórir ráðherrarnir eru úr Alþýðuflokknum.
**1968** Þorláksmessuslagurinn. Til átaka kemur í Reykjavík milli lögreglu og fólks sem mótmælir þátttöku Bandaríkjanna í Víetnamstríðinu.
**1993** Sjö manna fjölskylda á Seltjarnarnesi fær stærsta vinning til þess tíma í Lottói Íslenskrar getspár, 19,9 milljónir. Tölurnar eru 18, 23, 25, 26 og 31.



✝

Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa,

**Rafns Ingólfs Jenssonar**
verkfræðings.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks Landspítala deildar 13 G og deildar 11E fyrir einstaka umönnun.

**Auður Rafnsdóttir** **Peder Langelund Pedersen**
**Herdís Björg Rafnsdóttir** **Þorsteinn G. Gunnarsson**
**Vala Dögg, Louisa, Mikkel Andri,**
**Rafn Viðar og Gunnar Smári**



✝

Hafið hugheila þökk fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vinarþel við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar G. Jónsdóttur**
ljósmóður,
Ísafirði.

Það er ómetanlegt að eiga góða að.
Minningin lifir.
Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

**Þórhildur Oddsdóttir** **Jónatan Hermannsson**
**Örnólfur Oddsson** **Védís H. Ármannsdóttir**
**Jón H. Oddsson** **Martha Ernstsdóttir**
**Gunnar Oddsson** **Sólveig S. Guðnadóttir**
**Bára Elíasdóttir** **Óskar Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Alúðarþökk fyrir hlýhug og vinarþel við andlát og útför

**Sólveigar Aðalbjargar Sveinsdóttur**
kennara frá Víkingavatni.

Megi máttur kærleikans fylgja ykkur á komandi hátíð ljóss og friðar.

**Í nafni fjölskyldunnar**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar

**Huldu Þórarinsdóttur**
Tjarnarlundi 12b, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarhlíðar, dvalarheimilinu Hlíð.

**Ari Halldórsson**
**Gyða Þuríður Halldórsdóttir** **Jón Ragnarsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg dóttir, eiginkona, móðir og amma okkar,

**Ólöf Guðrún Ketilsdóttir**
Laufásvegi 60,
Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum 15. desember sl. Útför hennar verður frá Laugarneskirkju þann 27. desember nk. klukkan 13.00.

**Margrét Ingunn Ólafsdóttir** **Haraldur Ágúst Bjarnason**
**Hrafn Aðalsteinn Ágústsson** **Joy Chang Ágústsson**
**Ólafur Ágúst Haraldsson** **Elísabet Hulda Einarsdóttir**
**Atli Hrafn Ólafsson** **Helena Dís Ólafsdóttir**

# Sama hlutverk í Sölku Völku 10 árum seinna

**Halldóra Geirharðsdóttir leikkona fer með hlutverk Sigurlínu í sýningunni Sölku Völku sem frumsýnd verður 30. desember í Borgarleikhúsinu. Þetta mun vera í annað skipti sem Halldóra leikur hlutverk Sigurlínu í sýningunni, sem byggð er á sögu Halldórs Laxness.**

Mig grunaði að það yrði skrítið að leika sama hlutverk aftur en ég sjálf er bara allt önnur og tíðarandinn annar. Þá á ég við að umræða um ofbeldi og afleiðingar þess er á allt öðrum stað núna en fyrir tíu árum. Þess vegna finnst mér ég í raun ekki vera að leika sama hlutverk því aðkoma mín er önnur," segir Halldóra Geirharðsdóttir leikkona, spurð að því hvernig henni finnist að leika sama hlutverk og hún lék í Sölku Völku fyrir tíu árum.

Salka Valka, sem er ein af þekktustu sögum Halldórs Laxness, er sú sem ruddi braut hans til alþjóðlegra vinsælda. Hún er hetjusaga ungrar stúlku sem brýst úr fátækt og fáfræði og nær að verða mikils metinn þjóðfélagsþegn af eigin rammleik með seiglu og einbeittum vilja. En hvað finnst þér um sögur Halldórs?

„Þær bækur sem ég hef lesið eftir Halldór Laxness finnst mér magnaðar," segir Halldóra.

Halldóra leikur móður Sölku en samband þeirra er ansi erfitt og margt sem mætti fara betur.

„Það má kannski segja að Sigurlína sé aldrei raunveruleg móðir Sölku. Hún mætir dóttur sinni eins og jafnöldru en tekur ekki ábyrgð fullorðinnar manneskju, krefur barnið jafnvel um að vera fullorðnu manneskjuna í sambandinu," útskýrir Halldóra.

„Svo er spurning hvernig manneskja verður til úr Sölku Völku úr aðstæðum sem þessum. Þegar ég les Laxness, velti ég því oft fyrir mér hvað hann hafði mikið innsæi hvað varðar mannleg samskipti og hvað hann sýnir okkur vel það viðkvæmasta og grimmasta í manneskjunni," segir Halldóra og bætir við að hann hafi verið virkilega hugrakkur að taka okkur með sér á svona mikið dýpi.

Æfingar standa sem hæst þessa dagana og er leikhópurinn í óðaönn að æfa verkið sem leikstýrt er af Yönu Ross, en hún leikstýrði einnig Mávinum eftir Anton Tsjekov á síðasta leikári, við góðan orðstír.

„Æfingarnar hafa gengið mjög vel og hópurinn allur mjög spenntur fyrir frumsýningunni. Það er frábært að vinna með Yönu, það er mjög gott að fá manneskju sem hefur enga helgislepju gagnvart verkinu og ber ekki í sér áratuga fyrirfram þekkingu um þetta íkon sem Salka Valka er. Við lásum söguna sem börn, en hún mætir henni í fyrsta sinn sem fullorðin kona," segir Halldóra.

Á nýju ári fer Halldóra meðal annars í farsann Úti að aka í leikstjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar, þar sem gleðin verður allsráðandi.

„Það verður alveg frábært, þar þarf ég að læra að opna dyr á réttum tíma og fæ að vera smá fyndin, það er mjög gott að fara í svona léttmeti inn á milli. Svo er ég að leika í þáttunum Fangar, sem frumsýndir verða á RÚV á nýársdag. Svo er ég að leika síðustu sýninguna af Jesú litla á annan í jólum, það er lítill gullmoli á jólahátíðinni, sem minnir okkur á að þó allt virðist vonlaust þá er það samt þess virði," segir Halldóra létt að lokum. **gudrunjona@frettabladid.is**



**Halldóra Geirharðsdóttir fer með hlutverk Sigurínu móðir Sölku Völku aftur.** FRÉTTABLADID/VALLI.

**Þegar ég les Laxness, velti ég því oft fyrir mér hvað hann hafði mikið innsæi hvað varðar mannleg samskipti og hvað hann sýnir okkur vel það viðkvæmasta og grimmasta í manneskjunni.**



✝

Ástkær sambýliskona mín, móðir, systir og amma,

**Dóra Hlín Ingólfsdóttir**
rannsóknarlögreglukona

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 22. desember.

**Erlingur Kristjánsson,**
**Sigrún Helga Lund, Jóhanna Guðmundsdóttir,**
**Svanhvít Eygló Ingólfsdóttir, Sigrún Ingólfsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín,

**Guðbjörg E. Hrafnsdóttir**
Austurbergi 36,

lést að heimili sínu 17. desember. Útför hennar verður frá Fossvogskapellu 27. desember kl. 13.00.
Kærar þakkir til englanna hjá Karítas fyrir alla hjálpina.

**Valdimar Eiríksson**
**og aðstandendur.**

# HÁTÍÐ Í BÆ

*Þú færð jólasteikina í Iceland*




Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## ALLT MEÐLÆTIÐ OG MEIRA TIL



Tartalettur
10 stk



Ora grænar baunir,
Ora maískorn



Waldorf salat
Ávaxta salat



Forsoðnar brúnaðar kartöflur
Forsoðnar kartöflur í uppstúf



New York salted caramel
cheesecakes



Karamellu ísterta

Jólareikningur Netgíró

**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017**

Netgíró

Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is

Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.



OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ TIL KL. 16 Á AÐFANGADAG 24. DES.

Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Norðan- og norðaustanstormur og snjókoma eða slydda á austanverðu landinu, en mun hægari og él vestan til.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -6° | -6° |
| ← 4 | ↖ 4 | ↓ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -0° | -9° |
| ↓ 8 | ↓ 8 | ↓ 6 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -6° | -4° |
| ↘ 5 | ↙ 11 | ↘ 14 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | -3° | -7° |
| → 24 | ↘ 11 | ↘ 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sæti
6. klaki
8. merki
9. gætinn
11. skst.
12. táknmynd
14. klippur
16. org
17. skjögur
18. arr
20. frú
21. skarpur

**LÓÐRÉTT**
1. ávöxtur
3. skammstöfun
4. sandgrynning
5. sjáðu
7. samleikur
10. kusk
13. nálægt
15. sjá eftir
16. þrá
19. gelt



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ís, 8. hak, 9. var, 11. no, 12. ímynd, 14. skæri, 16. óp, 17. rið, 18. sig, 20. fr, 21. klár. **LÓÐRÉTT:** 1. kiví, 3. eh, 4. sandrif, 5. sko, 7. samspil, 10. ryk, 13. nær, 15. iðra, 16. ósk, 19. gá.

### Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Hjartarson (2.538) átti leik gegn Arnari E. Gunnarssyni (2.476) á Friðriksmóti Landsbankans fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**23. e6! Hd6 24. Da3! 1-0.** Þann annan í jólum fer fram Atskákmót Skákklúbbs Icelandair – Íslandsmótið í atskák. Teflt er í Hvalasafninu við Granda. Allir velkomnir!

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | 9 | 8 | | | |
| | | | | | | | 4 | 8 |
| | 2 | | 3 | 5 | | 6 | | |
| 8 | | | 5 | | 3 | | 1 | |
| | 7 | | | | 9 | 2 | 3 | |
| | | 9 | 6 | 1 | | | | |
| | | | 2 | | 1 | | 8 | |
| | 6 | | | | | | 2 | 3 |
| | | | 7 | | 5 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 1 | 3 | | 9 | |
| 5 | | | 7 | | | 1 | | |
| | 1 | | 6 | | | | 5 | |
| | 9 | 5 | 2 | | | | 4 | |
| | | 6 | 4 | | | 8 | | |
| 3 | 7 | | | 5 | 1 | | | |
| 6 | | | | | 8 | | | 4 |
| | 5 | 9 | | | 7 | | 8 | |
| | | | | 6 | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | | | | | | | |
| | 6 | 1 | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | 2 | 8 | | | 3 | | |
| | 1 | 6 | | | | | | 7 |
| 9 | 7 | | | | 3 | 2 | 4 | |
| | | | | | 5 | 9 | | 1 |
| 6 | 2 | | 9 | | | 4 | 5 | |
| | | | | | 8 | | | |
| | | | | 3 | 4 | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 4 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 | 7 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 6 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Fyrstu jólin á Bessastöðum**

Forsetahjónin halda sín fyrstu jól á Bessastöðum með börnum sínum í ár. **Eliza Reid** forsetafrú segir jólin tíma til að gleðja þá sem minna mega sín.





**Jólasaga**

**Oddný Eir Ævarsdóttir** rithöfundur skrifar jólasögu fyrir lesendur.

**Minningar frá jólum**

Í dag snúast jólin meira um **neyslu** og **stórar gjafir** en áður að mati eldri kvenna sem ræða um jólasiði.

**Jólaljósmyndakeppni**

Hundruð ljósmynda hafa borist í jólaljósmyndakeppni **Vísis** og **Fréttablaðsins.** Á aðfangadag kemur í ljós hver sigrar í ár.




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




2 MARAÞON NOW
BORGARSTJÓRINN
Alltaf eitthvað nýtt
Það finna allir eitthvað við sitt hæfi á
Stöð 2 Maraþon NOW yfir hátíðarnar.
GLEÐILEG JÓL!
AÐEINS 2.990 KR
Á MÁNUÐI.
FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM
SJÓNVARPSÖKKUM 365.*
LARRY KRAMER IN LOVE & ANGER
UNDERGROUND
DIVORCE
LÓA PIND
BARA GEÐVEIK
WESTWORLD
2now.is | 3 MÍN AÐ SKRÁ SIG
DAGAR FRÍTT
365
*Fylgir frítt með Skemmtipakkanum, Stórapakkanum og Risapakkanum.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





„Bókarskrifin voru skemmtileg á heildina litið, þrátt fyrir örlagaþrungið efni," segir Davíð Logi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Margt sem fólk fékk að reyna

**Í bókinni Ljósin á Dettifossi – örlagasaga – tvinnar Davíð Logi Sigurðsson sagnfræðingur saman frásagnir af hinstu ferð Dettifoss og lífi afa síns, Davíðs Gíslasonar, sem var stýrimaður þar um borð.**

Ég var að lesa upp á Hrafnistu. Mér finnst skemmtilegast að lesa fyrir gamla fólkið, það man svo langt aftur, og það spinnast oft áhugaverðar samræður," segir Davíð Logi Sigurðsson sagnfræðingur þegar forvitnast er um nýja bók hans, Ljósin á Dettifossi – örlagasaga. Þar segir hann frá einu af síðustu skipunum sem Þjóðverjar sökktu í seinni heimsstyrjöldinni og líka lífi afa síns, Davíðs Gíslasonar stýrimanns og fólksins hans.

Fyrsti kaflinn fjallar einmitt um það þegar fimm systur, dætur Davíðs, liggja í glugga heima á Njarðargötu og fylgjast með ljósunum á Dettifossi þar sem hann er að leggja upp frá Reykjavík til New York og siglir fyrir Engeyna. Þær vita að myrkrið er mikilvægur bandamaður íslensku kaupskipanna og að það er í verkahring föður þeirra að slökkva ljósin þegar út á hafið er komið, vegna hættunnar frá kafbátum.

„Ég nýtti mér gott minni móður minnar og systra hennar en þær voru náttúrlega börn þegar faðir þeirra fórst og það eru 70 ár liðin. Auðvitað verður sagnfræðingur að taka slíkum frásögnum með hæfilegum fyrirvara en líka lifa sig inn í aðstæðurnar og nota það sem hann telur sig geta staðið föstum fótum á. Ég hef náð ýmsum sagnabrotum frá fólki og svo hafa birst viðtöl við fólk gegnum tíðina um þessi ár. Sjópróf um atburðinn sjálfan, þegar Dettifossi var sökkt á heimleið frá Ameríku og fólkið barðist fyrir lífi sínu í sjónum, eru líka sterk heimild."

Meðal þeirra sem Davíð Logi kveðst hafa komist í samband við vegna bókarinnar er Elísabet Guðmundsdóttir, sem átti unnusta um borð í Dettifossi, Hlöðver Ásbjörnsson. „Síðustu stundir Hlöðvers voru átakanlegar því hann fótbrotnaði niðri í skipinu þegar sprengingin varð, tókst að komast upp á þilfar en reyndist engu að síður feigur." lýsir hann og bætir við: „Það var sérlega gefandi að komast í samband við Elísabetu, hún er viðræðugóð kona. Það er líka svo margt sem fólk fékk að reyna á þeim árum sem bókin nær yfir. Það var annar tími en okkar og allt aðrar aðstæður."

Davíð Logi segir hugmyndina að bókinni hafa vaknað hjá honum fyrir tveimur og hálfu ári, síðan hafi hún tekið á sig mynd en vissulega reynst meiri heimildarvinna en hann sá fyrir í byrjun. „Skrifin voru skemmtileg á heildina litið þó efnið sé örlagaþrungið. Þegar maður finnur einhverja heimild sem manni finnst sérstaklega áhugaverð, þá hoppar maður hæð sína. Eins og í sumar þegar í hendur mínar datt bunki af plöggum sem amma mín hafði komið vel fyrir í íbúðinni sinni. Þegar hún dó fyrir 20 árum hafði ein dóttirin tekið bunkann en var svo kannski búin að gleyma að hann væri til. Aftan á bókinni minni er skírteini með mynd af afa. Það var í þessum bunka."



Afi Davíðs Loga og amma, Davíð Gíslason og Svava Ásdís Jónsdóttir, með nýfædda dóttur, Lísabetu Davíðsdóttur. Með þeim er fjarskyld frænka.

**ÞEGAR MAÐUR FINNUR EINHVERJA HEIMILD SEM MANNI FINNST SÉRSTAKLEGA ÁHUGAVERÐ, ÞÁ HOPPAR MAÐUR HÆÐ SÍNA. EINS OG Í SUMAR ÞEGAR Í HENDUR MÍNAR DATT BUNKI AF PLÖGGUM SEM AMMA MÍN HAFÐI KOMIÐ VEL FYRIR Í ÍBÚÐINNI SINNI.**

## Kaflabrot úr Ljósin á Dettifossi

Klukkan er tuttugu og níu mínútur gengin í níu að morgni miðvikudagsins 21. febrúar 1945.

...

Akkeri hafði verið létt um kl. 4:20 í Belfast og rétt eftir fimm hafði skipið yfirgefið höfnina, eða fyrir um þremur og hálfri klukkustund. Skipið er nú um 25 sjómílur í réttvísandi norður af austri frá Belfast og hefur siglingin verið tíðindalítil til þessa. Veður er sæmilegt, fremur sjólítið. Fylgdarskipin eru öll í næsta nágrenni, þrjú talsins, auk hinna flutningaskipanna tveggja sem fylgja Dettifossi. Leiguskip Eimskipafélagsins, Yemassee, er aðeins í seilingarfjarlægð frá Dettifossi.

Stefnan er til Loch Ewe í Skotlandi og svo þaðan heim til Íslands

...

Davíð er í rólegheitum á rabbi við Boga Þorsteinsson, annan loftskeytamann. Bogi hefur að beiðni Davíðs nýlokið við að skiptast á ljósmorsi við eitt fylgdarskipa Dettifoss, vopnaðan breskan togara. Bogi sér útundan sér hvar Valdimar Einarsson, fyrsti loftskeytamaður, er að koma út úr dyrunum á matsal yfirmanna og á leiðinni til að leysa hann af hólmi.

Ólafur Tómasson hefur á sama tíma nýlokið við morgunverð sinn, lítur á klukku sína þar sem hann leggur af stað úr borðsal yfirmanna og upp í brú. Klukkuna vantar eina mínútu í hálfníu. Hann veit að það mun ekki taka hann nema hálfa mínútu að komast upp í brú. Til sjós fær enginn verðlaun fyrir að mæta of snemma en menn eiga heldur alls ekki að mæta of seint. Nú er tímabært fyrir hann að taka fetið upp í brú.

Davíð sýnir enn ekki á sér neitt fararsnið þó að sjálfsagt verði hann því feginn að sjá Ólaf koma að leysa sig af.

Það verður aldrei.

Vaktmaður um borð í U-1064 hafði ræst Schneidewind eldsnemma þegar hlustunartól kafbátsins höfðu numið siglingu hinnar litlu skipalestar á leið frá Belfast. Skipherrann var fljótur að átta sig á að hér var engin stórkostleg veiði í boði. Lítil skip eins og Dettifoss og Yemmassee voru á mörkum þess að dýrmætu tundurskeyti væri eyðandi á þau. En þriðja skipið er öllu stærra, það er norskt kolaskip, og eftir bið dögum saman á þessum hættulegu slóðum er Schneidewind áfjáður í að sanna getu sína, fyrir sjálfum sér og áhöfn sinni, og fyrir Dönitz flotaforingja sem hefur treyst honum fyrir þessu verkefni.

Hvað fer um huga Davíðs Gíslasonar stýrimanns á þessari stundu – augnabliki áður en þýski kafbáturinn skýtur tundurskeyti sínu, á þessum allra síðustu sekúndum sem hann hefur áður en öllu er snúið á hvolf?

Kannski er það svo, að sjómanni sem siglt hefur heila heimsstyrjöld og séð tugi skipa skotin niður, kemur ekki á óvart þegar röðin kemur loks að honum. Kannski segir líka reynslan og þjálfunin til sín á ögurstundu á hafinu. Í öllu falli virðist ekki vera nein angist í rödd Davíðs þegar hann kallar skyndilega: Þarna kemur það!



Dettifoss, skip Eimskipafélags Íslands, í erlendri höfn.

# DRAMATÍSKASTA SJÓSLYSASAGA SEINNI TÍMA




★★★★
BGS / PRESSAN
um Háska í hafi

Illugi Jökulsson fer á kostum í spennandi, hrífandi frásögn.

sögur ÚTGÁFA

















# Hvað?
# Hvenær?
# Hvar?
## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

### 23. DESEMBER 2016

## Tónlist

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Árstíða
**Hvenær?** 16.00 og 21.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Tvennir tónleikar verða haldnir á Þorláksmessu og einir að kvöldi fimmtudagsins 22. desember. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Magnús Þór Sigmundsson en hann hefur um árabil verið einn ástsælasti tónlistarmaður og lagahöfundur þjóðarinnar.

Hvað? Jól með Jóhönnu

**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vídalínskirkja
Söngkonan Jóhanna Guðrún ætlar að halda glæsilega Jólatónleika í Vídalínskirkju. Með Jóhönnu verður gítarleikarinn Davíð Sigurgeirsson. Jóhanna og Davíð ætla að skapa notalega jólastemningu og flytja sín uppáhaldsjólalög í glænýjum útsetningum fyrir gítar og söng. Miðaverð 2.990 krónur.

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Harpa
Þorláksmessutónleikarnir hans Bubba eru orðnir fastur liður í undirbúningi jólanna hjá fjölda fólks. Margir koma á tónleikana og enn fleiri hlusta á útsendingu Bylgjunnar heima fyrir eða í bílnum þegar verið er að ganga frá síðustu gjöfunum. Eitt er víst að fyrir marga myndi vanta mikið í jólahaldið ef ekki væru Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens

**Hvað?** Litlu Jól Björgvins
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Þorláksmessutónleikar og matarveisla Björgvins Halldórssonar og hljómsveitar í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Miðaverð 6.900 krónur.

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Swingkompanísins
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Aðgangseyrir er 2.500 kr og er miðasala á tix.is og einnig við innganginn.

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Jónasar Sig og Ritvéla framtíðarinnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar ætla að halda Þorláksmessutónleika á hinu nýja og glæsilega Hard Rock Café Reykjavík.

**Hvað?** Græna messan
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Jólatónleikar Friðriks Ómars og Jógvans. 2.000 krónur inn.



**Fólk mun gleypa í sig skötu um nánast allt land í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Viðburðir

**Hvað?** Skötuveisla í Súlnasal
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Súlnasalur Hótels Sögu
Hið árlega skötuhlaðborð í Súlnasal Hótels Sögu verður á sínum stað. Um veislustjórn sér Gísli Einarsson. Verð 5.400 krónur á mann. Upplýsingar veitir Hörður Sigurjónsson í síma 820 9910, einnig er hægt að senda póst á hordur@hotelsaga.is.

**Hvað?** Skötuveisla KEX
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** KEX hostel, Skúlagötu
4.500 krónur – takmarkaður sætafjöldi á milli 11.30 og 16.00. Borðapantanir í síma 510 0066 eða á kexland@kexhostel.is.

**Hvað?** Innpökkun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Þeir sem eru að klára jólagjafainnkaupin geta stokkið inn á Loft og pakkað, skellt í sig kakói eða jólaglögg og átt þar smástund á milli stríða.

**Hvað?** Skötuveisla á Mat og drykk
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Matur og drykkur, Grandagarði
Takmarkaður sætafjöldi í boði, vinsamlegast pantið borð í síma 571-8877 eða sendið tölvupóst á info@maturogdrykkur.is.

**Hvað?** Skötuveisla í Rauða húsinu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Rauða húsið, Eyrarbakka

**Hvað?** Skötuveisla Arnhólsstöðum
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Félagsheimilið Arnhólsstöðum
2.500 krónur. Enginn posi.

**Hvað?** Skötuveisla Stjörnunnar
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** TM-höllin
Skata, saltfiskur og allt meðlæti á aðeins 2.900 kr. á mann. Leynigestur mætir á staðinn og verður með gamanmál kl. 12.30. Hópar geta pantað borð. Nánari upplýsingar gefa Karl Dan á dani@simnet.is og Kristján Svan, kristjansvan@gmail.com

**Hvað?** Skötuveisla Spretts 2016
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Arnarfell – Veislusalur Spretts, Kópavogi
Skötuvinafélag Freymars og Viking Jólabjór blása til skötuveislu í Arnarfelli, veislusal Spretts í Samskipahöllinni, á Þorláksmessu. Kæst skata, tindabikkja, saltfiskur, brennivín, jólabjór, kartöflur, rófur, rúgbrauð, hamsatólg og íslenskt smjör. Aðgangseyrir 4.900 – takmarkaður sætafjöldi á milli 11.30 og 14.00. Veislustjóri Gunnar Hansson

**Hvað?** Jólabasar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ekkisens, Bergstaðastræti
Fjölmargir listamenn sýna og selja verk sín á hinum árlega jólabasar í Ekkisens.



**Friðrik Ómar sprellar í Græna herberginu ásamt Jógvan þetta föstudagskvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Fáðu þér
Jólatertu
Gríptu eina!
MYLLAN
JÓLATERTA
MEÐ SULTU OG KREMI
ÍSLENSKT
já takk!
Gott frá Myllunni
JÓLATERTA
MEÐ KREMI
JÓLATERTA
HVÍT
JÓLATERTA
MEÐ SULTU OG KREMI
3 gerðir
prófaðu allar!
MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ
Kíktu á myllan.is



**JÓLAGESTIR BJÖRGVINS**

Það er komið að árlegum jólatónleikum Björgvins Halldórssonar og gesta hans þar sem öllu er til tjaldað til þess að gera þessa sígildu jólatónleika að stórveislu fyrir áhorfandann. Stórsveit, strengir og kórar ásamt öðrum frábærum gestum. Þetta eru tónleikar sem eru ómissandi fyrir alla fjölskylduna í jólaundirbúningnum.

ÞÆGILEG
ÞORLÁKSMESSA

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

**THE BORROWERS**

Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna um krúttlega búálfa sem búa undir gólffjölum í stóru húsi hjá skemmtilegri fjölskyldu.






**THE NIGHT BEFORE**

Þrælskemmtileg gamanmynd um gamla vini sem eru vanir að skemmta sér ærlega saman á jólunum en nú verða þeir að gefa þennan gamla góða sið upp á bátinn.

**A CHRISTMAS REUNION**

Ung kona er arfleidd að öllum eigum gamallar frænku en þegar hún mætir á staðinn til að taka við arfinum mætir henni óvænt hindrun.



**ENTOURAGE**

Síðast þegar skilið var við strákana þá var Ari boðið að stjórna kvikmyndaveri, Vince gifti sig og Eric vann aftur ástina í lífi sínu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Jóladagatal Afa**
**07.05 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.45 Litlu Tommi og Jenni**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty little liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Restaurant Startup**
**11.00 Grand Designs Australia**
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Nutty Professor**
**14.30 Jólatónleikar með KK og Ellen**
**15.55 The Polar-Express**
**17.30 Jóladagatal Afa** Afi er að undirbúa jólin og fer niður í geymslu að leita að jólatrénu sínu. Í þeirri leit kemur ýmislegt upp úr kössum og handröðum og hann finnur margt forvitnilegt í leiðinni sem hann tengir við skemmtilega hluti eins og t.d. jólasiði annarra landa og þjóða. Hver veit nema hann grípi í gítarinn og rifji upp gamla takta og taki nokkur jólalög en eitt er víst, í hverjum þætti býður hann upp á skemmtilegt ævintýri sem enginn má missa af alla daga fram að jólum.
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Jólagestir Björgvins**
**21.00 The Borrowers**
**22.40 The Night Before**
**00.25 A Christmas Reunion** Skemmtileg fjölskyldumynd frá 2015 með Denise Richards og Patrick Muldoon í aðalhlutverkum. Þegar frænka Amy Stone deyr hraðar Amy sér á æskuslóðirnar þar sem hennar bíða enn óvæntari tíðindi. Þessu óvæntu tíðindi felast í því að ekki bara hefur frænka hennar ákveðið að arfleiða Amy að húsi sínu og bakaríinu sem hún rak heldur fylgir með að fyrrverandi unnusti Amy, Jack Evans, hefur erft helminginn á móti henni. Við þetta á Amy erfitt með að sætta sig enda vill hún ekkert með Jack hafa.
**02.00 Midnight in Paris**
**03.35 Peace, Love & Misunderstanding**
**05.05 Birdman**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15 Premier League**
**08.55 Premier League**
**10.40 Premier League**
**12.25 Premier League**
**14.10 Premier League Review**
**15.05 Spænski boltinn**
**16.45 Þýski boltinn**
**18.25 Sumarmótin**
**19.05 PL Match Pack**
**19.35 Dominos deild karla**
**21.15 NBA**
**22.05 Premier League Preview**
**22.35 NBA**
**00.30 NBA**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**10.00 Premier League**
**11.45 Premier League**
**13.25 Premier League**
**15.10 Premier League World**
**15.40 Premier League**
**17.20 UEFA Champions League**
**19.00 UEFA Champions League**
**20.40 Premier League**
**22.25 PL Match Pack**
**22.55 Bundesliga Weekly**
**23.25 UFC Live Events**

## STÖÐ 3

**17.45 Mike and Molly**
**18.10 Married**
**18.35 The Big Bang Theory**
**19.00 New Girl**
**19.25 Modern Family**
**19.50 Community**
**20.15 The New Adventures of Old Christine**
**20.40 Gilmore Girls**
**21.25 Last Ship**
**22.10 Entourage**
**22.40 Klovn**
**23.10 Game of Thrones**
**00.15 Fresh off the Boat**
**00.40 Community**
**01.05 The New Adventures of Old Christine**
**01.30 Gilmore Girls**
**02.15 Last Ship**
**03.00 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Ævintýri Tinna**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Stóri og Litli**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Víkingurinn Viggó**
**10.13 Kormákur**
**10.25 Strumparnir**
**10.47 Mæja býfluga**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Ævintýri Tinna**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Stóri og Litli**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Víkingurinn Viggó**
**14.11 Kormákur**
**14.23 Strumparnir**
**14.45 Mæja býfluga**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Ævintýri Tinna**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Stóri og Litli**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Víkingurinn Viggó**
**18.11 Kormákur**
**18.23 Strumparnir**
**18.45 Mæja býfluga**
**19.00 Töfrahúsið**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 AT&T Byron Nelson Championship**
**10.05 PGA Tour 2016 - Highlights**
**11.00 Scottish Open**
**12.30 Marathon Classic**
**14.30 Dean & Deluca Invitational**
**16.30 PGA Tour 2016 - Highlights**
**17.25 2016 Augusta Masters**
**23.00 Golfing World 2016**
**23.50 HSBC Champions**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.15 Annie**
**12.10 Roxanne**
**14.00 Almost Famous** Dramatísk gamanmynd frá árinu 2000 sem fjallar um William Miller, sem er heppnari en flestir aðrir. Hann er bara 15 ára en samt hefur honum verið falið að skrifa grein í Rolling Stone. William ætlar að fjalla um líf meðlima í frægri rokksveit og heldur af stað með stjörnunum í tónleikaferðalag. Það gerist margt bak við tjöldin og William upplifir ótrúlegustu hluti. Patrick Fugit og Kate Hudson fara meðal annars með hlutverk.
**16.05 Annie**
**18.05 Roxanne**
**19.55 Almost Famous** Dramatísk gamanmynd frá árinu 2000 sem fjallar um William Miller, sem er heppnari en flestir aðrir. Hann er bara 15 ára en samt hefur honum verið falið að skrifa grein í Rolling Stone. William ætlar að fjalla um líf meðlima í frægri rokksveit og heldur af stað með stjörnunum í tónleikaferðalag. Það gerist margt bak við tjöldin og William upplifir ótrúlegustu hluti. Patrick Fugit og Kate Hudson fara meðal annars með hlutverk.
**22.00 Entourace**
**23.50 The Company You Keep**
**01.50 Ricki and the Flash**
**03.35 Entourace**

## RÚV

**08.00 KrakkaRÚV**
**09.42 Jólasveinarnir í Dimmuborgum**
**10.03 Jólastundarkorn - Jólasveinaskólinn**
**10.10 Góð jól**
**10.15 Snjókríli**
**11.10 Bláí fílinn**
**12.25 Home Alone**
**14.05 Adele**
**15.10 12 Dates of Christmas**
**16.35 Lorraine Pascale: Jólamatur með lítilli fyrirhöfn**
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 KrakkaRÚV**
**17.51 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.15 Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons**
**18.45 Góð jól**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Norræn jólaveisla**
**21.15 The Holiday**
**23.30 Frú Brown undirbýr jólin**
**00.10 Jól í Vínarborg**
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.20 The Grinder**
**08.45 Grandfathered**
**09.05 Life In Pieces**
**09.30 The Muppets**
**09.50 Parks & Recreation**
**10.15 30 Rock**
**10.40 Evelyn**
**12.15 Turner & Hooch**
**13.55 Dear Frankie**
**15.45 Evan Almighty**
**17.30 How to Lose a Guy in 10 Days**
**19.35 America's Funniest Home Videos**
**20.00 Ferris Bueller's Day Off**
**21.45 Along Came Polly**
**23.15 Green Card**
**01.05 The Interpreter**
**03.15 Bad Lieutenant**
**05.20 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin


NÝ PRENTUN
KOMIN Í VERSLANIR
Ævisaga Ladda
Þróunarsaga mannsins sem kom okkur til að hlæja
LADDI
Þróunarsaga mannsins
sem kom okkur til að hlæja
LADDI
Í þessari spennandi, einlægu og á köflum drepfyndnu bók, er sett fram „þróunarkenning" um manninn, sem kom okkur til að hlæja, rituð af Gísla Rúnari Jónssyni.
„Allt í senn fróðleg, dramatísk, hjartnæm og bráðfyndin lesning. Ég hló og grét á víxl."
- Edda Björgvinsdóttir leikkona
„Hafi maður elskað leikarann Ladda fyrir lesturinn, elskar maður persónuna Ladda að lestri loknum."
- Gunnar Helgason leikari & rithöfundur
„Einstök bók. Öðruvísi en allar aðrar ævisögur sem ég hef lesið."
- Sigurður Sigurjónsson leikari
„Er enn með harðsperrur í maganum eftir mikinn hlátur. Hlakka til að lesa næstu bók Gísla Rúnars."
- Jóna Kristín Sigurðardóttir
MYNDFORM

# Bestu og verstu jólagjafir fólks

Það á víst að vera hugurinn sem gildir þegar kemur að jólagjöfum til ástvina, en það verður að viðurkennast að það er alltaf ánægjulegt þegar gjöfin hittir beint í mark. Við fengum fjóra einstaklinga til að rifja upp bestu jólagjafir sem þau hafa fengið, en líka þær verstu! Það er nefnilega ekkert sjálfgefið að fá gjöf sem vekur lukku.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is

## Eiríkur Björn Björgvinsson

**bæjarstjóri á Akureyri**



**Besta jólagjöfin:** „Líklega er fyrsta golfsettið sem við bræðurnir eignuðumst saman besta jólagjöfin. Hún kemur alla-vega fyrst upp í hugann.“

**Versta jólagjöfin:** „Ég hef bara fengið góðar gjafir. Allavega í minningunni. Mjúkir pakkar voru þó ekki í miklu uppáhaldi þegar ég var yngri og einhver föt sem ég fór aldrei í er líklega það versta sem ég hef fengið. En á seinni árum hafa mjúku pakkarnir komið sterkir inn.“

## Lóa Hjálmtýsdóttir

**listakona**



**Besta jólagjöfin:** „Árleg hefð hjá Árna Rúnari er að gefa mér nýja myndasögu til að lesa yfir jólin. Þó svo að ég sé myndasögulesandinn á heimilinu tekst honum alltaf að finna eitthvað áhugavert sem ég hef ekki lesið. Ég hlakka alltaf mest til að opna þennan pakka.“

**Versta jólagjöfin:** „Ég man ekki hver það var en einhver í fjölskyldunni ákvað að nota tækifærið og skila framlengingarsnúrum sem viðkomandi hafði fengið lánaðar. Snúrunum var pakkað inn í jólapappír og viðtakandinn varð fyrir miklum vonbrigðum.“

## Sigga Lund

**fjölmiðlakona**



**Besta jólagjöfin**: „Fyrsta gjöfin sem mér kemur í huga minn er gjöf sem ég fékk jólin 2013 þegar Alli, minn fyrrverandi, og Elí Þór, sonur minn, gáfu mér iPad í jólagjöf. Þetta var þegar við vorum að reka vefinn siggalund.is. Við Alli áttum engan pening og höfðum ákveðið að sleppa gjöfum hvort til annars þetta árið. Ég átti ekki von á neinu, en þeir komu mér svo á óvart. Það var ekki endilega iPadinn sem stóð upp úr heldur hugurinn sem var á bak við gjöfina sem snerti mig.“

**Versta jólagjöfin:** „Versta jólagjöfin er klárlega þegar fyrrverandi tengdapabbi gaf okkur þáverandi skötuhjúum litinn byggpoka á fyrstu jólunum okkar. Ég get ekki annað en hlegið þegar ég rifja þetta upp. Pokinn var meira að segja rifinn svo það fór bygg út um allt þegar pakkinn var opnaður.“



## Linda Jóhannsdóttir

**hönnuður**

**Besta jólagjöfin:** „Bestu jólagjöf allra tíma fékk ég þegar ég var fimm ára. Rétt fyrir jól var ég með ömmu og afa að versla í Miklagarði, þar var óskabrunnur sem hægt var að setja pening í. Peningurinn rann til góðgerðarmála og þú fékkst ósk í staðinn. Afi gaf mér aur til að óska mér og ég horfði á peninginn rúlla niður og óskaði mér. Afi spyr hvers ég hafi óskað mér en ég neitaði að segja það þar sem óskin myndi þá ekki rætast en afi fullvissaði mig um að maður mætti segja einum. Á aðfangadag var svo rosalega stór jólapakki við hliðina á jólatrénu, ég man hversu heitt ég óskaði að það væri minn þar sem stórir pakkar voru bara betri á þeim tíma. Afi las á pakkann og hann var til mín! Ég opnaði hann og þetta var draumahús Barbie á tveimur hæðum með risasvölum og bleikri lyftu! Ég gleymi aldrei hversu ótrúlegt var að komast að því hversu mikill töframáttur væri í svona óskabrunni.“

**Versta gjöfin:** „Það verður því miður að skrifast á gjöf sem ég fékk frá kærastanum mínum fyrir svona tíu árum. Almennt eru gjafakaup ekki hans „thing“ en þetta árið var ég spennt að opna jólagjöfina frá honum eins og öll hin árin. Þegar ég fæ pakkann í hendurnar fer kærastinn að afsaka sig og segir: „Þú manst að ég hafði ekki mikinn tíma.“ Ég opna pakkann og í ljós koma bleikir köflóttir, loðnir akrýl-sokkar! Þeir voru ekki einungis köflóttir heldur líka með einhverjum brúnum myndum á. Sokkarnir voru með eins konar lambaáferð að innan en líka hálfloðnir að utan og það sem toppaði þá alveg var að þeir voru í stærð 34 og ég nota stærð 37.“



## Sannar jólagjafir sem bjarga mannslífum

unicef



Þeir sem vilja tryggja að jólagjöfin slái í gegn ættu að gefa Sanna gjöf frá UNICEF. Þær gjafir gleðja ekki bara viðtakandann heldur koma að gagni fyrir börn í neyð. Um er að ræða hjálpargögn eins og hlý teppi, námsgögn, moskítónet og vítamínbætt jarðhnetumauk fyrir vannærð börn. Sannar gjafir UNICEF eru keyptar í nafni þess sem fólk langar að gleðja, það skrifar persónulega kveðju á gjafabréfið og UNICEF sér síðan til þess að hjálpargögnin berist til barna sem á þurfa að halda. Í vefversluninni, www.sannargjafir.is, er hægt að velja um margs konar hjálpargögn af öllum stærðum og gerðum og í öllum verðflokkum. Öll eiga þau það sameiginlegt að bæta líf barna og jafnvel bjarga lífi, þannig að þessi gjöf klikkar sko ekki.

„Það er mikil þörf á þessum hjálpargögnum um allan heim og UNICEF kemur þeim til skila. Og það er búið að vera ótrúlega gaman að vinna hérna seinustu daga, það hefur svo margt fólk hringt og komið hingað til okkar til að kaupa fyrir fjölskyldu og vini,“ segir Steinunn Jakobsdóttir, fjáröflunarstjóri UNICEF. „Fólki þykir gaman að gefa þessar gjafir því það veit að þær koma að virkilega góðum notum. Þetta er fullkomin gjöf handa þeim sem eiga allt.“ Steinunn segir verkefnið hafa gengið vonum framar. „Já, við höfum fengið mikla hjálp frá íslensku jólasveinunum og þeir hafa staðið sig gífurlega vel við að hjálpa okkur að dreifa boðskapnum.“

Steinunn bendir svo á að fólk getur komið á skrifstofu UNICEF á Íslandi og keypt sannar gjafir. „Já, til viðbótar við heimasíðuna þá getur fólk komið í heimsókn til okkar á Laugaveg 176. Við erum með opið til klukkan 17.00 í dag en svo er líka opið á milli jóla og nýárs,“ útskýrir Steinunni. Hún segir Sannar gjafir líka vera fullkomnar áramótagjafir. Þess má geta að Sannar gjafir eru á breiðu verðbili. „Ódýrasta gjöfin er á um þúsund krónur. Svo er þetta alveg upp í vatnsdælu og mótorhjól, það kom einmitt fjölskylda til okkar í fyrradag og keypti vatnsdælu og börnin fengu að fræðast um hvert þær fara og hvernig þær virka,“ segir Steinunn og hvetur fólk til að kíkja til þeirra í UNICEF í dag og kaupa Sannar gjafir og fá sér piparkökur og kaffi í leiðinni. **gudnyhronn@365.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

JÓLATÚLIPANAR 10 STK
1.490 kr
~~1.990 kr~~

# JÓLATILBOÐ

JÓLATRÉ
ALLAR STÆRÐIR
EITT VERÐ
4.900 kr

HÝASINTA
399 kr
~~499 kr~~

LEIÐISGREINAR
MARGAR GERÐIR
1.990 kr

## 40% AFSLÁTTUR
## ALLAR SERÍUR OG JÓLAVÖRUR*

*Afsláttur gildir ekki af jólatrésfótum og jólaskreytingum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

## PAKKAJÓL 20-30% afsláttur

ÖLL SMÁRAFTÆKI
20-30%

ÖLL RAFMAGNS-
VERKFÆRI
20-30%

ÖLL BÚSÁHÖLD
20-30%

ALLUR TRUE NORTH
FATNAÐUR
20-30%

Óskum landsmönnum
gleðilegra jóla

Byggjum á betra verði

www.husa.is



Skemmtileg hugmynd að ljúffengum eftirrétt yfir jólin. MYND/EVA

# Piparkökuskyrkaka með saltaðri karamellusósu

**Botn**
200 g piparkökur
150 g brætt smjör

**Aðferð:** Setjið piparkökurnar í matvinnsluvél og maukið, hellið smjörinu saman við og maukið svolítið lengur. Skiptið piparkökubotninum í litlar skálar/glös eða þrýstið kexblöndunni í form (gott að nota 20x20 cm lausbotna smelluform).

**Fylling**
300 g vanilluskyr frá MS
250 ml rjómi
2-3 tsk. flórsykur
1 tsk. vanilludropar eða sykur

**Aðferð:** Þeytið rjóma og blandið skyrinu saman við ásamt flórsykri og vanillu. Skiptið skyrblöndunni í glös eða í eitt stórt kökuform. Endurtakið leikinn með piparkökumulninginn og setjið svo aðeins meira af skyrblöndunni yfir. Best er að geyma kökuna í kæli í 2-3 klst. eða yfir nótt. Berið kökuna fram með æðislegri saltkaramellusósu.

**Saltkaramellusósa**
200 g sykur
2 msk. smjör
½-1 dl rjómi
½ tsk. sjávarsalt

**Aðferð:** Setjið sykurinn á pönnu og bræðið hann við vægan hita. Gott er að hafa ekki of háan hita og fara hægt af stað. Takið pönnuna af hellunni þegar sykurinn er allur bráðinn og bætið smjörinu saman við og hrærið vel. Hellið rjómanum út í karamelluna og hrærið þar til karamellan er þykk og fín. Í lokin bætið þið saltinu saman við. Leyfið sósunni að kólna alveg áður en þið hellið henni yfir kökuna.
www.http://evalaufeykjaran.is/



Það var fjölmennt eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Safnað fyrir betra aðgengi

Það var líf og fjör á Gauknum á miðvikudaginn þegar dragdrottningar og dragkóngar úr hópnum Drag-Súgur stigu á svið og settu upp skemmtilegt „show“. Það kostaði 2.000 krónur inn á sýninguna og allur ágóðinn rennur til Gauksins sem mun verja upphæðinni í að gera staðinn aðgengilegri fyrir hreyfihamlað fólk.



Þessi settu upp magnaða sýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það voru margir sem lögðu hönd á plóg. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ekkert lítið stuð! FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það var sannkallað jólastuð á Gauknum! FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


Það eru girnileg jól framundan í Hafinu




Stútfullar búðir af stórum hátíðarhumri. Heimalagaður reyktur og grafinn lax, sósur og ómótstæðileg humarsúpa.

**Opnunartími yfir hátíðarnar:**
Alla virka daga frá 10-18:30
Aðfangadag frá 09-12
Gamlársdag frá 10-14

HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

# SPORTS DIRECT

**NÝ SENDING Í HVERRI VIKU**

FIRETRAP HERRASKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 41-45

MEGA VALUE **13.890 KR.**

LONSDALE HERRA BÓMULLARBUXUR



MEGA VALUE **3.590 KR.**

GOLDDIGGA DÖMU PEYSA




MEGA VALUE VERÐ FRÁ **3.790-4.390 KR.**

UNGBARNANÁTTFÖT



MEGA VALUE **1.990 KR.**

EVERLAST DÖMU HETTUPEYSA



EINNIG FÁANLEG Á HERRA

MEGA VALUE **6.790 KR.**

LONSDALE HERRA BÓMULLAR HETTUPEYSA



MEGA VALUE VERÐ FRÁ **2.490 - 4.990 KR.**

REEBOK YOURFLEX DÖMU ÆFINGARSKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 35,5-42

MEGA VALUE **7.990 KR.**

BARNASETT, HÚFA, VETTLINGAR OG TREFILL



TIL Í FLEIRI TÝPUM

MEGA VALUE **2.590 KR.**

KARRIMOR HERRA FLÍSPEYSA



MEGA VALUE **8.390 KR.**

KAPPA FAROE BARNA ÆFINGARSKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 36-39

MEGA VALUE **5.190 KR.**

NO FEAR BARNA HETTUPEYSA



TIL Í FLEIRI TÝPUM

MEGA VALUE **3.590 KR.**

NIKE REVOLUTION UNGBARNASKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 19,5-27

MEGA VALUE **4.990 KR.**

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

**SPORTS DIRECT**

Skógarlind 2

*Opnunartími*
*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*

LONSDALE · karrimor · PUMA · Nike · Slazenger · adidas




Hin **Fullkomna** Jólagjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!*

SPORTS DIRECT GJAFAKORT
Gildir í verslunum Sportsdirect.com á Íslandi!

# Bestu tískuaugnablik ársins 2016

Það var margt gott og slæmt sem gerðist á rauðu dreglunum á árinu en við höfum ákveðið að taka saman það sem stóð upp úr. Stjörnurnar tóku áhættu og fóru nýjar leiðir á árinu sem var gaman að fylgjast með á meðan aðrir héldu sig við klassískan stíl.



**Beyoncé lét alla missa hökuna í gólfið þegar hún mætti á VMA-hátíðina í þessum einstaka kjól frá ítalska hönnuðinum *Francesco Scognamiglio*.**



**Blake Lively klæddist þessum fallega bláa *Ateliér Versace* kjól á kvikmyndahátíðinni í Cannes í byrjun sumars. Á þeim tíma var hún nýbúin að tilkynna um óléttu sína. Allt við þetta dress hittir beint í mark.**



**Gigi Hadid tók á móti verðlaunum sem fyrirsæta ársins á bresku tískuverðlaunahátíðinni í byrjun desember. Þar mætti hún í þessum kjól sem gæti þó líka flokkast sem dragt frá *Ateliér Versace*.**



**Star Wars-stjarnan Daisy Ridley mætti í fyrsta skiptið á Óskarsverðlaunin og náði að stimpla sig inn sem tískufyrirmynd. Leikkonan klæddist fallegum og klassískum *Chanel* kjól sem var nógu mikið öðruvísi en allir aðrir kjólar á Óskarnum til að hann sæti í okkur eftir hátíðina.**





**Selena Gomez fær að vera *TVISVAR SINNUM* á þessum lista einfaldlega vegna þess að hún á það skilið. Á Met Gala mætti hún í þessum afslappaða *Louis Vuitton* kjól við hermannaskó og gjörsamlega sló í gegn. Svo núna í lok ársins klæddist hún rauðum Prada kjól á American Music Awards.**



**Kerry Washington var ólétt þegar hún mætti á Emmy-verðlaunin þetta árið. Hún leit út fyrir að vera DISKÓ drottning með þykkt hár og í skemmtilegum kjól frá *Brandon Maxwell*. Klárlega einn af eftirminnilegustu kjólum ársins.**

## Stormasamt samband **Robs og Chyna**

Að segja að samband Robs Kardashian og Blac Chyna sé stormasamt er heldur vægt til orða tekið. Frá byrjun hafa þau verið að gera allt gjörsamlega vitlaust hjá öllum í kringum sig.

Þau byrjuðu saman með látum í byrjun ársins en á þeim tíma bjó Rob heima hjá Khloe systur sinni. Þegar hún frétti af sambandinu henti hún honum út og hann flutti í kjölfarið til Chyna. Í byrjun virtist eins og þau ættu vel saman enda ætlaði hún að hjálpa honum að grenna sig og leita sér hjálpar en Rob hefur glímt við mikið þunglyndi seinustu ár.

Stuttu eftir að sambandið hófst bað Rob Chyna um að giftast sér en seinna kom í ljós að hún var ólétt eftir hann. Þá byrjaði sambandið að verða ansi súrt en þau rifust mikið og Chyna henti unnusta sínum oft út af heimili þeirra. Allt var þetta á meðan þau voru að taka upp sinn eigin raunveruleikaþátt sem átti eftir að valda miklum vonbrigðum.

Sprengingin sjálf varð þó ekki fyrr en um síðustu helgi. Þá ákvað Blac Chyna að fara með mánaðar gamla dóttur þeirra og öll húsgögn og mat úr húsinu sem Rob hafði keypt fyrir fjölskylduna og hætti með honum. Hann sagði frá þessu öllu saman á Snapchat. Í kjölfarið útskýrði Chyna að það væri erfitt að eiga við Rob enda neitar hann að leita sér hjálpar vegna vandamála sinna. Einnig var greint frá því að Chyna hafi ráðist ölvuð á Rob um helgina.

Sögunni lýkur þó ekki þar, þar sem tveimur dögum seinna byrjuðu þau aftur saman. Kardashian-systurnar Kim, Khloe og Kourtney eru sagðar vera komnar með upp í kok á öllu veseninu í þeim og ætla alfarið að aðskilja sig frá þeim. Það er greinilegt að parið þarf að vinna vel í sínum málum áður en lengra er haldið þar sem nú er lítið barn komið í spilið.



**Það er alltaf eitthvert vesen á Rob og Chyna.** NORDICPHOTOS/GETTY

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.

• Facebook • Instagram • Twitter

*#Glamouriceland*

# GLEÐILEGAR JÓLAGJAFIR




ÓTRÚLEGT JÓLATILBOÐ

**12.995**
ÁÐUR 14.995

nextbook NEX-NX785QC8G

## 8" SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN

Vinsæl 8" spjaldtölva fyrir börnin sem geta valið úr þúsundum ókeypis leikja í Google Play store . Ótrúlegt verð.

-20.000




acer ACE-NXMPGED058

## INTEL i3 OG SSD DISKUR

Ótrúlegt jólatilboð á þessari glæsilegu fartölvu sem kemur með Intel i3 örgjörva og hraðvirkum 128GB SSD diski.

**79.995**
ÁÐUR 99.995



**59.995**
ÁÐUR 74.995
-20%

acer ACE-NXGCEED060

## INTEL i3 Á 59.995 !

Sérstakt jólatilboð á þessari skemmtilegu 15,6" Acer Aspire fartölvu. Mikið fyrir peninginn.



**24.995**
DOLBY 7.1

CORSAIR COR-CA9011146EU

## VOID LEIKJAHEYRNARTÓL

Háþróuð leikjaheyrnartól með ótrúlegum hljómgæðum og InfoMic tækni og TrueForm púðum.




**87.995**
GTX 1070

msi MSI-GTX1070GAMINGX8G

## GEFORCE GTX1070 LEIKJASKJÁKORT

Fullnýttu grafíkina í leikjunum með þessu kraftmikla 8GB GTX1070 ofurskjákorti frá MSI. VR ready.



**9.995**
CEREBRUS

ASUS ASU-CERBERUSKEYBOARD

## BAKLÝST LYKLABORÐ

Asus Cerberus er harðgert LED lyklaborð með 12 forritanlegum hnöppum og íslenskum stöfum.




**8.995**
RISALYKILL

SanDisk SDI-SDCZ43128G

## 128GB SSD MINNISLYKILL

Agnarsmár en risastór UltraFit 128GB SSD diskur með USB3.0 frá SanDisk. Tilvalinn til að auka geymslupláss á fartölvum.




**9.995**
ÁÐUR 11.995

TOSHIBA TOS-HDTB310EK3AA

## 1TB VASAFLAKKARI

Traustur og handhægur 1TB Toshiba Canvio vasaflakkari á jólatilboði. Háhraða USB 3.0 og fær rafmagn í gegnum USB snúruna.



**8.995**
FLOTTUR PAKKI

rapoo RAP-9060IS

## ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

Öflugt þráðlaust lyklaborð með íslenskum stöfum og þráðlausri mús. Allt að 10 metra drægni.



**5.995**
GÓÐ VINAGJÖF

steelseries STE-62341

## STEELSERIES RIVAL 100

Hin fullkomna vinagjöf. Öflug Steelseries Rival 100 Optical leikjamús með LED lýsingu.




**149.995**
ÁÐUR 169.995

ASUS ASU-F556UADM331T

## i5 OG 512GB SSD

Hrikalega öflug fartölva með Intel i5 örgjörva, ofurhröðum 512GB SSD og 8GB vinnsluminni. Kristaltær skjár.




**9.995**
FERÐARAFHLAÐA

FSP-PB10400MAH

## JÓLAGJÖF FYRIR BATTERÍSLAUSA

Fullkomin gjöf fyrir Pókemon Go spilara og þá sem eru komnir með slaka farsímarafhlöðu.



**99.995**
UHD GÆÐI

ASUS ASU-PB287Q

## 28" 4K TÖLVUSKJÁR

Ótrúleg myndgæði og aukið vinnupláss. Hentar vel í tölvuleiki eða myndvinnslu.




**9.995**
ÁÐUR 11.995
ÓTRÚLEGT VERÐ

EPSON EPS-XP235

## ÞRÁÐLAUS HEIMILISPRENTARI

Ótrúlegt jólatilboð á þessum fjölnota heimilisprentara sem prentar, skannar og ljósritar. Einfaldur í notkun.

# OPIÐ TIL 23

# TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS AKRANES

**Jólareikningur**
EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.














**Það var Eric Trump sem Ingó spilaði fyrir, en Eric rústaði líka einni þakíbúð í heimsókn sinni á landinu.** NORDIC PHOTOS/GETTY

# Hefur séð eiginlega allt

**Ingó Veðurguð** hefur nánast ekki misst úr fimmtudag í starfi sínu sem trúbador síðustu ellefu árin. Hann ætlar að taka sér góða pásu frá fimmtudagsspilamennskunni til þess að einbeita sér að öðru. Í reynslubanka Veðurguðsins er ansi mikið af sögum.

Ég er búinn að vera í tíu eða ellefu ár alltaf á fimmtudögum á einhverjum stað niðri í miðbæ. Ég byrjaði á Sólon þegar ég var nítján ára – var þar í einhver þrjú ár og fór svo á Óliver og var þar í þrjú fjögur ár. Síðan tók ég bæði Player's og Þýska barinn og svo Austur núna í þrjú og hálft ár. Ég held að ég hafi misst kannski af svona tíu fimmtudögum af sex hundrað,“ segir Ingó Veðurguð, en hann hefur ákveðið að hætta, eða að minnsta kosti minnka við sig, sem trúbador á fimmtudagskvöldum. Eins og hann bendir á hefur hann verið einn fastinn í bæjarlífinu síðustu tíu – ellefu árin.

*Hvað í ósköpunum tekur þá við á fimmtudögum hjá þér héðan í frá?*

„Ja, maður verður bara eirðarlaus held ég. Neinei, ég er að fara í heimsreisu núna í febrúar og svo ætla ég að sjá aðeins til hvað ég geri. Þetta er orðið svolítið hark – maður er alltaf í þrjá tíma að hamra gítarinn og hefur ekki alveg jafn mikla orku í að gera annað eins og maður vill þegar maður er alltaf þarna á pöbbnum að spila. Ég dáist að þessum trúbadorum sem eru alltaf að þessu – sumir eru búnir að vera í tuttugu ár niðri í bæ á hinum ýmsu stöðum. Fólk fattar það kannski ekki þegar það mætir á barinn að fá sér nokkra öl að þetta er hark, en þetta hefur sína kosti og galla.



Þú þarft auðvitað að vera viðbúinn öllu og kunna öll lög. Stundum er alveg hreytt í mann ef maður kann ekki eitthvert lag. Þetta getur þannig verið vanþakklátt starf. Það er líka munur á hvernig Íslendingarnir og útlendingarnir eru – Íslendingarnir eru kannski vanir trúbadorum og gítarspili úr partíum en útlendingarnir eru alltaf svo ótrúlega þakklátir. Frekar sérstakt.“

**MAÐUR HEFUR VERIÐ Í ELLEFU ÁR AÐ GERA ÞETTA NIÐUR Í BÆ OG ÉG HEF SÉÐ EIGINLEGA ALLT**

*Er ekki alveg slatti af sögum frá öllum þessum árum? Fólk á fyllerí fyrir framan mann í vinnunni á hverjum degi?*

„Við erum yfirleitt að spila fyrri part kvölds, þannig að fólk er nær sjálfu sér og heilsteyptara – en samt, undir lokin er þetta oft orðin algjör steypa. Maður hefur verið í ellefu ár að gera þetta niðri í bæ og ég hef séð eiginlega allt. Öll slagsmál, alla sleiki og alla vitleysu sem til er á djamminu, þetta er svolítið fyndið. Þetta eru alls konar upplifanir sem eru komnar í reynslubankann.

Það eru líka ansi margar sögur sko, alls konar þjóðþekkt fólk að gera alls konar hluti. Við lentum til dæmis í að spila í partíi hjá syni Donalds Trump – það var fyrir um tveimur árum, áður en Donald Trump fór fram í forvalinu. Mjög sérstakt þegar Trump fór fram, og sérstaklega þegar hann vann, það setti þetta partí í alveg nýtt ljós. Maður gæti örugglega hringt í Fox News og látið gamminn geisa með sögum úr þessu partíi. Þetta var einstök upplifun, mjög fróðlegt. Þeir voru hressir þarna, nokkrir vinirnir, og voru ekkert mikið að pæla í því hvað hlutirnir kostuðu.“ Nú er bara að krossa fingur og vona að Ingó leggist í skriftir og setji nokkrar af þessum sögum frá trúbadorsárunum á blað – allavega verður nægur tími á fimmtudagskvöldum hjá honum.

Annars verður Ingó ásamt Aliðinu í Hlégarði, Mosfellsbæ, á annan í jólum. Þar er von á alls kyns húllumhæi og hægt að tryggja sér miða á midi.is.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Maríu Bjarnadóttur




## Geðveik jólagjöf

Landlæknir skrifaði nýlega um að Norðurlandamet Íslendinga í lyfjanotkun ætti rætur í kerfisvanda og að það þyrfti að huga að fleiri geðheilbrigðisúrræðum en ávísun lyfja.

Þetta eru engar fréttir fyrir almenning sem hefur kallað eftir auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu. Það er undirskriftalisti á Facebook. Þetta var meira að segja sjóðheitt kosningamál.

Fyrir kosningar voru allir flokkar sammála um að það þyrfti aukið fjármagn í geðheilbrigðismál. Meira fjármagn og fleiri sálfræðinga. Alveg akút. Fjármálaráðherra sagði í umræðum um heilbrigðismál fyrir kosningar að við værum „að missa alltof margt ungt fólk í örorku af því að við erum að bregðast þessu fólki á fyrstu stigum vandans“.

Nýkjörinn þingmaður Pírata var í mikilvægu viðtali í vikunni þar sem hann benti á að íslenskt samfélag hefði misst 49 einstaklinga í sjálfsvíg á síðasta ári og að það yrði að veita fé til forvarna og stórauka þjónustu. Það væri hreinlega lífsnauðsynlegt.

Heppilegt að nú eru til umræðu fjárlög á Alþingi. Í frumvarpinu er tekið fram að auka eigi fjármagn til heilsugæslu svo hún geti veitt sálfræðiþjónustu í samræmi við ályktun Alþingis frá í apríl. Fjárhæðin er 60 milljónir. Með launatengdum gjöldum dekkar þetta laun fyrir rúmlega sex sálfræðinga. Þvílík ofurmenni ef þessir sex starfsmenn eiga að duga til að bregðast við vandanum.

Hvernig væri að þingmenn myndu standa við gefin kosningaloforð, bregðast við ábendingum sérfræðinga og notenda og þrykkja í gegn almennilegri fjárveitingu í málaflokkinn?

Væri það ekki geðveik jólagjöf til okkar allra?


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Greidd skal næturvinna eftir kl. 24:00 til kl. 07:00 – líka í desember




TÖFRAR JÓLANNA Í HÖLLINNI

TAX FREE

AFSLÁTTUR
af öllum vörum
í dag Þorláksmessu

OPIÐ TIL KL. 22[00] Í KVÖLD

Ef þú heitir **ÞORLÁKUR**
og kemur í Höllina í dag
færðu fallega gjöf frá okkur.

*Jólakveðja,*
*prinsessurnar í Höllinni!*

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir hvorki ofan á önnur tilboð (t.d. jólatilboð) né af Skovby vörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 **Akureyri** Dalsbraut 1 **Ísafjörður** Skeiði 1 **www.husgagnahollin.is** 558 1100
**Opið í dag Þorláksmessu kl. 10[00]–22[00] og aðfangadag kl. 10[00]–13[00]**
HÚSGAGNA HÖLLIN